

# 72. ÁRSPING KSI



ÞINGGERÐ



Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til 72. ársþings KSÍ. Þingið hófst á því að fallinna félaga var minnst og risu þingfulltrúar og gestir úr sætum. Því næst voru sýndar svipmyndir frá knattspyrnuárinu 2017.

Guðni Bergsson, fomaður KSÍ, setti 72. ársþing KSÍ og flutti ávarp þar sem hann fór yfir sviðið og rifjaði upp atburði síðasta árs. Hann minnti á áherslur sínar og stjórnar sambandsins. Guðni sagði það hafa verið gríðarlega stóra stund þegar landslið karla tryggði sér sæti í úrslitakeppni heimsmeistaramótsins í Rússlandi. Hagstæð úrslit hefðu látið á sér standa í úrslitakeppni Evrópumóts kvenna í Hollandi, en liðið hefði sýnt hvers það væri megnugt í sigurleiknum gegn Þýskalandi í Þýskalandi síðasta haust. Yngri landslið hefðu verið sigursæl og ævinlega væri nauðsynlegt að huga að næstu kynslóð í uppbyggingunni. Starfið byrjar í grasrótinni, sagði Guðni. Þar er gullegg hreyfingarinnar. Landsliðs fólkið kemur úr aðildarfélögum, það erum við.

Guðni ræddi um síðasta ár og sagði að það væri eitt stærsta ár í sögu íslenskrar knattspyrnu. A landslið karla tryggði sæti sitt á HM í fyrsta sinn í sögunni og Guðni talaði um að þá hafi draumur margra ræst, draumur sem eflaust enginn hafi þorað að dreyma. Hann talaði um að þegar skoðað væri hvaðan leikmenn koma sjáist hvað dreifingin milli félaga sé mikil, sem undirstriki mikilvægi þess að hlúa vel að grasrótinni hjá öllum félögum.

Guðni ræddi um þátttöku A landsliðs kvenna á EM í sumar. Umgjörðin hafi verið til fyrirmyndar og leikmenn og áhorfendur íslenska liðsins hafi fengið mikla athygli. Guðni kom aðeins inn á þá ákvörðun stjórnar KSÍ á síðasta ári að jafna árangurstengdar greiðslur. Leikmenn A landsliða karla og kvenna fá nú sömu greiðslur fyrir sigur og jafntefli í undankeppnum EM og HM. Þetta undirstriki þá umgjörð og fagmennsku sem ríkir í kringum knattspyrnu kvenna hér á landi og þessi ákvörðun vekur mikla athygli, bæði hér á landi og erlendis. Það er eitthvað sem við eigum að vera mjög stolt af.

Guðni minntist á yngri landsliðs Ísland og þá staðreynd að Ísland á þrjú lið í milliriðli EM, U17 kvenna, U19 kvenna og U17 karla. Frábær árangur og undirstrikar mikilvægi þess að hlúa að næstu kynslóð. Því næst vék Guðni máli sínu að mótamálum, KSÍ skipulagði rúmlega 6.000 leiki í öllum aldursflokkum á árinu 2017. Í því samhengi ræddi Guðni um þá stemningu sem ríkti á mótum yngri flokka, samfélagsleg gildi knattspyrnunnar, mikilvægi sjálfbærleikastarfsins og allar þær vinnustundir sem liggja að baki móta hér á landi.

Jafnframt gerði Guðni dræma aðsókn á leiki í efstu deildum að umræðuefni og sagði að það væri verkefni sem verið væri að vinna í. KSÍ hefur áhyggjur af þeirri þróun sem hefur orðið en viðlíka þróun hefur átt sér stað víða erlendis, ný kynslóð er að upplifa margar leiðir til afþreyingar og knattspyrnan er ekki undanskilin í þeirri samkeppni. Það þarf samræmt átak til að snúa þessari þróun við. Starfshópur hefur verið stofnaður en honum er ætlað að hugsa þetta til lengri tíma, ekki í skyndilausnum. Guðni ræddi um að KSÍ og félögin þyrftu ef til vill að bæta umgjörð hjá sér, tæknivæða og samræma miðamál. Unnið er að kynningamálum í samstarfi við Vodafone, 365 og RÚV.

Guðni talaði einnig um að KSÍ hafi lagt í mikla vinnu er varðar stefnumótun. KSÍ fékk ráðgjafafyrirtækið Expectus með sér í lið en fyrirtækið sérhæfir sig í að aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að ná auknum árangri á sínu sviði. Vinnunni er ætlað að skila sér í stuðningi við félögin í því mikilvæga hlutverki að gefa ungmennum tækifæri, óháð bakgrunni, til félagslegs þroska, hámarka fjármagn knattspyrnuhreyfingarinnar, tryggja hnökralausan rekstur starfseminnar og efla umgjörð landsliða. Í því

samhengi sé unnið að samþættingu þess starfs frá ungmennalandsliðum til A landsliða og jafnframt að efla faglegt samstarf og þróun með aðildarfélögum.

Því næst ræddi Guðni um vinnu er varðar byggingu á nýjum Laugardalsvelli. Nú liggi fyrir að með nýju fyrirkomulagi landsleikja væri ekki um annað að ræða en að byggja nýjan völl. Starfshópur hefur verið skipaður sem á að skila tillögum 1. apríl nk. Nýr Laugardalsvöllur mun bæta umgjörð í kringum landsleiki, bikarkeppni KSÍ og Evrópukeppni félagsliða. Nýr völlur væri jafnframt gríðarlegt tækifæri til að breikka tekjugrunn KSÍ.

Stefnt er að því að taka nýja heimasíðu KSÍ í gagnid í mars. Núverandi heimasíða er 20 ára gömul og uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til heimasíðu knattspyrnusambanda nú til dags, sem þjónustu- og upplýsingavefs fyrir félögin. Guðni ræddi um að fulltrúar félaganna fái fljótlega boð um að prófa nýjan vef.

Guðni talaði um greiðslur til félaga og sagði að standist áætlanir, þá muni KSÍ greiða 380 milljónir til félaganna á þessu ári. Með þeirri upphæð hefði KSÍ greitt rúmlega 1 milljarð til félaganna á þremur árum.

Að lokum fór Guðni yfir það sem honum finnst vera aðalatriðin þegar rætt er um KSÍ og knattspyrnu á Íslandi. Ræddi hann þar að í huga sér kæmu upp orð eins og grasrótin, barna og unglिंगastarf, sjálfbóðaliðar, aðstaða, fagmennska, þjálfarar, aðstandendur, árangur, atvinnumennska, framsækni, samstaða og jákvæðni.

Að ávarpi sínu loknu setti Guðni Bergsson 72. ársþing KSÍ.

## Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár

Formaður KSÍ, Guðni Bergsson, afhenti viðurkenningar:

- Grasrótaverðlaun KSÍ og UEFA til Íþróttafélagsins Aspar.
- Fjölmíðlaverðlaun KSÍ til Íþróttadeildar RÚV fyrir þættina „Leiðin á EM“.
- Viðurkenningu fyrir dómaramál til Fylkis.
- Háttvísisviðurkenningu (Kvennabikarinn) í Pepsi-deild kvenna til Fylkis.
- Háttvísisviðurkenningu í 1. deild kvenna til Hamranna og ÍA.
- Háttvísisviðurkenningu í 2. deild kvenna til Völsungs.
- Háttvísisviðurkenningu (Dragostytta) í Pepsi-deild karla til Vals.
- Háttvísisviðurkenningu (Dragostytta) í 1. deild karla til Fylkis og Fram.
- Háttvísisviðurkenningu í 2. deild karla til Magna.
- Háttvísisviðurkenningu í 3. deild karla til Berserkja.
- Háttvísisviðurkenningu í 4. deild karla til Geisla úr Aðaldal.

## Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalin í kjörbréfanefnd og voru þau sjálfkjörin:

Örn Gunnarsson, formaður  
Eysteinn Pétur Lárusson  
Helga Steinunn Guðmundsdóttir  
Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

## Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Guðmundur H. Pétursson  
2. þingforseti: Steinn Halldórsson  
og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki. Þingforseti tók því næst við þingstjórn.

## Þingforseti bar fram tillögu um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson  
2. þingritari: Dagur Sveinn Dagbjartsson  
og voru þeir báðir samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

## Ávörp gesta

Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ, bar þingheimi kveðjur frá formanni, sem staddur er á Vetrarólympíuleikunum í Suður Kóreu, og stjórn ÍSÍ. Sigríður þakkaði fyrir góða skýrslu og óskaði fulltrúum þingsins til hamingju með frábæran árangur á knattspyrnuvellingnum. Hún sagði það eiginlega ómögulegt að Ísland væri á leið í úrslitakeppni heimsmeistaramóts í vinsælustu íþróttagrein í heimi!

Sigríður sagði að Ísland væri fyrirmynd annarra þjóða, bæði í knattspyrnu karla og kvenna og undirstrikaði mikilvægi þess að njóta þess að vera með. Sigríður hrósaði KSÍ fyrir að jafna árangurstengdar greiðslur til leikmanna karla- og kvennalandsliðsins og óskaði sambandinu til hamingju með þessa ákvörðun. Sigríður ræddi einnig um mikilvægi þess að fyrirbyggja ofbeldi innan íþróttahreyfingarinnar og sagði að ofbeldi yrði ekki liðið. Hún ræddi mikilvægi þess að koma í veg fyrir að úrslitum væri hagrætt og undirstrikaði þá ógn sem fyrir hendi er í þeim málum.

Að lokum sæmdi Sigríður Jóhannes Ólafsson, sem nú lætur af störfum í stjórn KSÍ, gullmerki ÍSÍ fyrir ötult starf í þágu íþróttta, bæði í stjórn ÍBV og KSÍ.

Noel Mooney, fulltrúi Knattspyrnusambands Evrópu, flutti ávarp. Noel hrósaði Íslandi fyrir árangur og ekki síður áhuga á knattspyrnu, alls staðar væri verið að tala um Ísland. Eins lýsti hann yfir aðdáun sinni á árangri landsliðanna og hve merkilegt það er að Ísland skuli vera í efstu deild þjóðardeildar landsliða, í hópi þjóða eins og Þýskalands, Englands, Frakklands og fleiri stórvelda. Noel sagði að staða KSÍ sem knattspyrnusambands væri góð og þyrfti jafnframt að halda áfram að vaxa. Hann bætti svo við að bæði KSÍ og félagin þyrftu að stíga varlega til jarðar. Á Írlandi, þaðan sem hann kemur, hafi mikið fjármagn komið inn með þátttöku Írlands á HM og EM, knattspyrnusambandið hafi úthlutað miklu fé til félaga en því miður stæði ekkert eftir þar í landi nema góðar minningar.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, flutti ávarp og bar þingheimi kveðju frá Hauki Valgeirssyni, formanni UMFÍ. Auður Inga sagði að KSÍ væri leiðandi í ýmsum málum, t.d. greiðslum á árangurstengdum greiðslum landsliðanna. Víða innan íþróttahreyfingarinnar væri að finna dæmi um góð áhrif knattspyrnunnar á samfélagið og knattspyrnan væri á ýmsan hátt fyrirmynd og leiðtogi sem drægi vagninn.

Hún sagði að fyrirkomulag landsmóta UMFÍ yrði með breyttu sniði næsta sumar og þar myndi knattspyrnan skipa sinn sess. Auður Inga lauk sínu máli með orðunum; „Væri það ekki frábært ef knattspyrnuhreyfingin myndi... og svo megið þið klára þessa setningu“.

Birgir Jónasson, gjaldkeri KBÍ, flutti ávarp og bar kveðju Sigurðar Þóris Þorsteinssonar, formanns KBÍ. Birgir lýsti í stuttu máli stöðu og hlutverki KBÍ og lýsti jafnframt yfir áhyggjum yfir stöðu og starfsöryggi knattspyrnuþjálfara. KBÍ býður félagsmönnum aðstoð við að leysa deilumál þegar þau koma upp. Birgir talaði um að auka þyrfti fræðslu allra aðila, t.d. varðandi skyldur og hlutverk þjálfara, gerð samninga milli þjálfara og félaga o.s.frv.

## Álit kjörbréfanefndar

Örn Gunnarsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HHF (1): Páll Vilhjálmsson.

Frá HSB (1): Samúel Samúelsson.

Frá HSH (4): Jónas Gestur Jónasson, Helgi Kristjánsson, Stefán Elínbergsson, Jóhannes Kristjánsson.

Frá HSK (7): Einar Karl Þórhallsson, Jón S. Sveinsson, Sveinn Jónsson, Sveinbjörn Másson, Guðbjartur Örn Einarsson, Jóhann Wolfram, Atli Rafn Viðarson.

Frá HSS (1): Torfi Jóhannsson.

Frá HSV (2): Ragnar Heiðar Sigtryggsson, Hafþór Halldórsson.

Frá HSP (5): Jóhann Kristinn Gunnarsson, Kristján Gunnar Óskarsson, Þorsteinn Þormóðsson, Gísli Gunnar Oddgeirsson, Stefán Hrafn Stefánsson.

Frá ÍA (5): Magnús Guðmundsson, Hulda Birna Baldursdóttir, Örn Gunnarsson, Viktor Elvar Viktorsson, Sveinbjörn Geir Hlöðversson.

Frá ÍBA (6): Ágúst Stefánsson, Sævar Pétursson, Helga S. Guðmundsdóttir, Magnús Eggertsson, Haukur Már Hergeirsson, Baldvin Rúnarsson.

Frá ÍBH (7): Jón Rúnar Halldórsson, Valdimar Svavarsson, Viðar Halldórsson, Birgir Jóhannsson, Jón Björn Skúlason, Jón Erlendsson, Ágúst Sindri Karlsson.

Frá ÍRB (7): Jón G. Benediktsson, Jónas Guðni Sævarsson, Þorleifur Björnsson, Karl Finnbogason, Leifur Gunnlaugsson, Viðar Einarsson, Sigurður Hilmar Ólafsson.

Frá ÍBR (40): Kolbeinn Kristinsson, Kári Arnórsson, Geir Kristinsson, Árni Hermannsson, Þorvaldur Árnason, Halldór Steinsson, Kjartan Hrafn Kjartansson, Kolbrún Hrunn Sigurgeirsdóttir, Kristinn Kjærnested, Jónas Kristinsson, Gísli Guðni Hall, Margrét Hafsteinsdóttir, E. Börkur Edvardsson, Eva Halldórsdóttir, Jón Höskuldsson, Lárus Bl. Sigurðsson, Haraldur Haraldsson, Heimir Gunnlaugsson, Friðrik Magnússon, Katla Guðjónsdóttir, Haraldur Agnar Bjarnason, Þórir Hákonarson, Höskuldur Þórhallsson, Daði Guðmundsson, Elín Þóra Böðvarsdóttir, Júlíus Geir Guðmundsson, Helgi Óttarr Hafsteinsson, Guðmundur Ólafur Birgisson, Davíð K. Jónsson, Magnús Þór Jónsson, Sigrún Tómasdóttir, Árni Birgisson, Auðunn Örn Gylfason, Zakaria Elías Anbari, Benedikt Sveinsson, Örn Þór Karlsson, Sigurður Kristinn Pálsson, Bjartur Ari Hansson, Sigurður Sighvatsson, Helgi Þorsteinsson.

Frá UÍF (0):

Frá ÍBV (5): Sunna Sigurjónsdóttir, Haraldur Pálsson, Magnús Elíasarson, Jón Óli Danielsson, Magnús Steindórsson.

Frá ÍS (9): Jónas Karl Þórhallsson, Helgi Bogason, Sigurður Halldórsson, Jón Þór Hallgrímsson, Sólmundur Einvarðsson, Jón Oddur Sigurðsson, Marteinn Ægisson, Friðrik V. Árnason, Gunnar Guðjónsson.

Frá UDN (0):

Frá UÍA (9): Magnús Ásgrímsson, Unnar Ari Hansson, Bjarni Ólafur Birkisson, Ívar Sæmundsson, Brynjar Skúlason, Sveinn Ágúst Þórsson, Árni Ólason, Guðmundur Björnsson Hafþórsson, Tómas Guðjónsson.

Frá UMSE (1): Björn Friðþjófsson.

Frá UMSB (1): Jakob Skúlason.

Frá UMSK (23): Flosi Eiríksson, Eysteinn Pétur Lárusson, Halldór Arnarsson, Helgi Aðalsteinsson, Sæmundur Friðjónsson, Victor Ingi Olsen, Magnús Viðar Heimisson, Valgeir Sigurðsson, Dofri Pétursson, Sölvi Snær Magnússon, Baldur Már Bragason, Þorvar Hafsteinsson, Viggó Magnússon, Jón Júlíus Karlsson, Sigurbjartur Sigurjónsson, Hanna Símonardóttir, Sigurjón Jónsson, Björgvin Júníusson, Lárus Guðmundsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Algirdas Slapikas, Valdimar Leó Friðriksson, Halldór Þ. Halldórsson.

Frá UMSS (2): Bergmann Guðmundsson, Óskar Smári Haraldsson.

Frá USAH (1): Sigmar Ingi Sigurðarson.

Frá USÚ (1): Kristján Guðnason.

Frá USVH (1): Hámundur Örn Helgason.

Frá USVS (0):

Fyrirnefndir 139 fulltrúar (af 151) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra samþykkt einróma.

**Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar**, sem einnig var að finna í gögnum þingfulltrúa og á netinu. Hún vakti sérstaka athygli á að liðum í meistaraflokki er að fjölga. Það benti til þess að fleiri fullorðnir einstaklingar iðkuðu knattspyrnu lengur og störfuðu í hreyfingunni.

**Gjaldkeri KSÍ, Gísli Gíslason, lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.** Hann benti m.a. á að stærstur hluti tekna KSÍ væri í erlendri mynt. Ókosturinn við það væru gengissveiflur. Gísli benti á að nýr fjármálastjóri KSÍ hefði tekið til starfa 1. október s.l. og lýsti yfir ánægju sinni með hennar störf. Gísli velti upp þeim möguleika að ársþingið yrði framvegis haldið eftir 15. febrúar til að gefa þeim sem vinna að ársreikningum og áætlunum meiri tíma. Með þeim hætti væri hægt að vanda enn frekar til verka.

**Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:**

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann sagði ársreikninginn ekki hæfa samtökum eins og Knattspyrnusambandi Íslands. Hann sagði sundurliðun af skornum skammti og óskaði eftir nánari útskýringum á útgjöldum og í hvað peningarnir færu. Liðir upp á hundruð milljóna væru illskiljanlegir og spurði hvers vegna ekki væru nánari sundurliðanir á landsliðskostnaði og mótakostnaði. Einnig af hverju ekki væru nánari skýringar á liðnum ógreidd laun upp á 90 milljónir.

Valdimar Leó Friðriksson (UMSK) tók til máls. Valdimar þakkaði fyrir greinagóða skýrslu og góðan rekstur. Hann hnaut um liðinn Afskriftir, sem honum þótti helst til of háar. Eins óskaði hann eftir upplýsingum um það hvar eigið fé væri geymt og hvernig því væri ávaxtað. Valdimar óskaði jafnframt eftir því að KSÍ væri ekki að leita að styrktaraðilum á sama markaði og félögin eða hafi samráð um þetta við félögin. Valdimar óskaði eftir því að knattspyrnuhreyfingin myndi ýta á stjórnvöld um að fá endurgreiddan virðisaukaskatt á byggingum mannvirkja.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, tók til máls. KSÍ hefur verið í samstarfi við Deloitte um uppsetningu reikninga og endurskoðun. Varðandi styrktarmál, þá benti Guðni á að samkomulag væri á milli KSÍ og ÍTF um að KSÍ mætti hafa sex aðal styrktaraðila. KSÍ hefði reynt að hækka framlög sinna styrktaraðila og Guðni sagði að ekkert þeirra fyrirtækja hafi sagst ætla að draga úr stuðningi sínum við félög ef samningar þeirra við KSÍ yrðu hækkaðir.

Gísli Gíslason, gjaldkeri KSÍ, tók til máls. Bankainnistæður KSÍ eru geymdar í Landsbankanum. Hann sagði að KSÍ og Landsbankinn væru að vinna að því í sameiningu að ávaxta það fé á sem allra besta hátt.

Haraldur Agnar Bjarnason (Þróttur R.) tók til máls. Haraldur spurði um handbært fé og hvort einhver stefna væri um það hver upphæðin ætti að vera, hvað ætti að gera við þetta fé, hvernig ætti að ávaxta það o.s.frv.

Guðni Bergsson tók til máls. Hann sagði að KSÍ væri í raun ekki með stefnu í þeim málum, hver upphæðin ætti að vera, hvað ætti að gera við það fé o.s.frv. En Guðni ítrekaði að nauðsynlegt væri að eiga trausta innistæðu í handbæru fé. Það sé ekki gefið að Ísland verði á stórmótum um ókomna tíð og því væri nauðsynlegt að búa yfir sterkri stöðu eigin fjár. KSÍ þyrfti að halda góðu jafnvægi í greiðslu til félaga og eigin fjár.

Fleiri tóku ekki til máls.

**Reikningar sambandsins voru samþykktir einróma.**

**Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 10**

Tillögur á þingskjölum 6 til 10 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

**Þingskjal 6 – Fjárhagsáætlun**

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu.

**Þingskjal 6****Fjárhagsáætlun 2018**

	Skýr.	Áætlun 2018	Raun 2017	Áætlun 2017
<b>Rekstrartekjur</b>				
Styrkir og framlög	1	1.749.810.000	751.959.972	757.500.000
Tekjur af landsleikjum		190.450.000	197.822.558	170.000.000
Sjónvarpsréttur		377.000.000	304.036.750	320.000.000
Aðrar rekstrartekjur		36.800.000	61.602.101	38.900.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		65.000.000	64.189.270	70.500.000
		<b>2.419.060.000</b>	<b>1.379.610.651</b>	<b>1.356.900.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Kostnaður við landslið	2	-1.348.518.198	-637.126.712	-643.055.400
Mótakostnaður		-195.500.000	-167.294.963	-168.700.000
Fræðslukostnaður		-48.800.000	-42.885.738	-39.200.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	-279.690.000	-284.484.493	-242.100.000
Húsnæðiskostnaður		-29.900.000	-22.989.778	-23.400.000
Annar rekstrarkostnaður		-7.000.000	-21.449.502	-11.000.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar		-78.000.000	-76.040.723	-71.711.000
Afskriftir		-26.700.000	-26.729.460	-21.000.000
		<b>-2.014.108.198</b>	<b>-1.279.001.369</b>	<b>-1.220.166.400</b>
<b>Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld</b>		<b>404.951.802</b>	<b>100.609.282</b>	<b>136.733.600</b>
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>				
Styrkir vegna Mannvirkjasjóðs KSÍ		50.000.000	52.100.000	35.000.000
Framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ		-50.000.000	-52.100.000	-35.000.000
Fjármagnsliðir		10.500.000	27.457.095	12.000.000
		<b>10.500.000</b>	<b>27.457.095</b>	<b>12.000.000</b>
<b>Hagnaður/tap ársins</b>		<b>415.451.802</b>	<b>128.066.377</b>	<b>148.733.600</b>
<b>Greiðslur til aðildarféлага</b>		-130.000.000	-127.641.897	-128.000.000
<b>Greiðsla vegna HM</b>		-200.000.000		
<b>Samtals til aðildarféлага</b>		<b>-330.000.000</b>		
<b>Hækkun/lækkun á sjóð</b>		<b>85.451.802</b>	<b>424.480</b>	<b>20.733.600</b>



	Áætlun 2018	Raun 2017	Áætlun 2017
<b>1. Styrkir og framlög</b>			
ÍSí	27.100.000	37.306.101	42.500.000
Getraunir	6.000.000	5.649.814	6.000.000
UEFA	470.320.000	444.106.787	389.000.000
FIFA	1.125.790.000	199.655.061	220.000.000
Ýmsir styrkir	120.600.000	65.242.209	100.000.000
	<b>1.749.810.000</b>	<b>751.959.972</b>	<b>757.500.000</b>
<b>2. Kostnaður við landslið</b>			
A-landslið karla	1.003.318.198	288.814.314	266.587.500
U-21 landslið karla	45.800.000	40.174.548	45.193.500
U-19 landslið karla	21.500.000	21.578.227	26.059.400
U-17 landslið karla	35.600.000	37.577.629	42.659.400
A-landslið kvenna	131.000.000	162.228.432	141.937.500
U-19 landslið kvenna	25.000.000	13.384.002	33.317.500
U-17 landslið kvenna	41.300.000	34.840.656	38.507.800
Sameiginlegur landsliðskostnaður	45.000.000	38.528.904	48.792.800
	<b>1.348.518.198</b>	<b>637.126.712</b>	<b>643.055.400</b>
<b>3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Launakostnaður	159.000.000	143.051.112	139.000.000
Launatengd gjöld	33.390.000	47.735.690	28.600.000
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	87.300.000	93.697.691	74.500.000
	<b>279.690.000</b>	<b>284.484.493</b>	<b>242.100.000</b>

## Stjórn KSÍ

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt einróma.

**Þingskjal 7**

Gísli Gíslason, gjaldkeri KSÍ, hafði framsögu að tillögu um breytingu á heildarlögum KSÍ og gerði grein fyrir störfum nefndar sem hafði unnið að málinu á milli ársþinga. Með breytingum væri ekki verið að bylta lögum sambandsins því hreyfingin væri í eðli sínu íhaldssöm. Hins vegar væri nauðsynlegt að skerpa á stjórnskipulagi. Hann sagði að lögin þyrftu að vera óumdeildur rammi um starfið og þingfulltrúar þyrftu að skilja sáttir í fundarlok.

**Tillaga til lagabreytingar**  
– Heildarlagabreyting –

**Tillaga að heildarbreytingu á lögum KSÍ.****Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2018 samþykki heildarbreytingar á lögum KSÍ.

**LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS****I. ALMENN ÁKVÆÐI OG HLUTVERK****1. grein - Heiti og staðsetning**

1.1. Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) er samband íþróttafélaga sem iðka og keppa í knattspyrnu og eru innan héraðssambanda og íþróttabandalaga, sem eru aðilar að ÍSÍ.

1.2. Aðsetur og varnarþing KSÍ er í Reykjavík.

1.3. Merki KSÍ sýnir fánaveifu og knött fyrir ofan KSÍ skammstöfunina. Merkið er í íslensku fánalitunum, grunnurinn er hvítur, bókstafir bláir, fánaveifa blá, hvít og rauð, og knöttur blár og hvítur.

1.4 Fáni KSÍ er hvítur með merki KSÍ í miðju.

**2. grein - Hlutverk og tilgangur KSÍ**

2.1. KSÍ er æðsti aðili knattspyrnumála á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. Að hafa yfirstjórn íslenskra knattspyrnumála.
- b. Að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu.
- c. Að setja íslenskri knattspyrnu lög og reglur og að framfylgja þeim.
- d. Að sjá til þess að knattspyrnulögunum og reglum KSÍ sé fylgt.

- e. Að standa fyrir knattspyrnumótum á Íslandi.
- f. Að standa vörð um uppeldislegt gildi knattspyrnu og heiðarlegan leik.
- g. Að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnu á Íslandi.
- h. Að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni.

2.2. KSÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnmal og trúarbrögð. KSÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum KSÍ og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

### 3. grein - Aðild að samtökum

3.1. KSÍ er aðili að:

- a. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí).
- b. Knattspyrnusambandi Evrópu (UEFA).
- c. Alþjóðaknattspyrnusambandinu (FIFA).

3.2. KSÍ skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSí, UEFA og FIFA. Reglur og ákvarðanir KSÍ eru bindandi fyrir aðila að KSÍ, félög, leikmenn, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ.

3.3. KSÍ og aðildarfélög þess skulu hlíta valdi FIFA og UEFA vegna skipulagningar leikja og móta landsliða og félaga á alþjóðavettvangi og skulu ekki vera þátttakendur í leikjum eða mótum á alþjóðavettvangi án samþykkist FIFA eða UEFA. KSÍ skal vera bundið af ákvörðunum FIFA og UEFA um alþjóðlega landsleikjadaga. Jafnframt skal KSÍ ekki vera í sambandi við knattspyrnusamband sem er ekki aðili að FIFA eða UEFA nema með samþykki FIFA eða UEFA.

## II. AÐILD AÐ KSÍ

### 4. grein - Réttur á aðild

4.1. Öll félög innan ÍSí, er iðka og keppa í knattspyrnu, eru aðilar að KSÍ.

### 5. grein - Réttindi og skyldur aðildarfélaga

5.1. Sérhvert aðildarfélag skal hafa rétt til þátttöku í skipulögðum mótum á vegum KSÍ, enda uppfylli það þáttökuskilyrði samkvæmt lögum þessum og gildandi reglugerðum KSÍ.

5.2. Aðildarfélagi er skylt að virða lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir sem settar eru eða teknar af KSÍ, UEFA eða FIFA.

5.3. Aðildarfélagi sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómara og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir KSÍ, UEFA eða FIFA.

- 5.4. Aðildarfélagi sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ er í hvívetna skylt að virða ákvarðanir stjórnar KSÍ, nefnda KSÍ og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.
- 5.5. Aðildarfélög skulu senda KSÍ skýrslu um öll knattspyrnumót, sem haldin eru á þeirra vegum.
- 5.6. Aðildarfélög skulu senda KSÍ upplýsingar um stjórnir félaganna á hverjum tíma innan viku frá því breyting á sér stað.
- 5.7. Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigð, stjórnmalaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum. Aðildarfélag skuldbindur sig einnig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja.
- 5.8. Aðildarfélög KSÍ eru bókhaldsskyld og ársreikningaskyld samkvæmt gildandi lögum um bókhald og lögum um ársreikninga. Aðildarfélög, sem falla undir leyfiskerfi, skulu auk þess færa bókhald sitt svo það uppfylli kröfur leyfiskerfis KSÍ. Reikningsár aðildarfélaga skal vera almanaksárið.
- 5.9. Félag sem er aðili að KSÍ skuldbindur sig til þess að vera ekki aðili að öðru knattspyrnusambandi eða taka þátt í leikjum eða mótum á vegum annars knattspyrnusambands nema með sérstöku samþykki KSÍ, hins knattspyrnusambandsins, FIFA eða UEFA.
- 5.10. Sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ.
- 5.11. Leikmenn aðildarfélaga skulu verða skráðir félagsmenn í samræmi við reglugerðir KSÍ.

## 6. grein - Aðrar skyldur

- 6.1. Aðildarfélög, KSÍ, leikmenn og aðrir innan KSÍ skuldbinda sig til að leika knattspyrnu í samræmi við knattspyrnulögin og í samræmi við lög og reglur FIFA/UEFA.

## III. SKIPULAG KSÍ

### 7. grein - Stjórnkerfi KSÍ

- 7.1. Málefnum KSÍ stjórnna:
- Knattspyrnuþing fer með æðsta vald í málefnum KSÍ og setur nauðsynleg lög.
  - Stjórn KSÍ fer með æðsta vald í málefnum KSÍ á milli knattspyrnuþinga.
  - Fastanefndir KSÍ, sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum knattspyrnusambandsins og starfsreglum, sem stjórn KSÍ setur þeim.
  - Sérstakar nefndir, sem skipaðar eru og starfa að afmörkuðum málefnum.
  - Framkvæmdastjóri KSÍ, sbr. 19. gr.

7.2. Leyfisnefndir taka ákvörðun um þátttökuleyfi til keppni í Íslandsmóti, þar sem það á við, og starfa samkvæmt leyfishandbók sem samþykkt er af stjórn KSÍ og staðfest af UEFA. Þær nefndir eru:

- a. Leyfisráð.
- b. Leyfisdómur.

7.3. Dómstig KSÍ eru:

- a. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.
- b. Áfrýjunardómstóll KSÍ.

#### IV. KNATTSPYRNUÞING

##### 8. grein - Boðun

8.1. Knattspyrnuþing skal halda árlega, eigi síðar en 15. febrúar. Stjórn KSÍ ákveður þingstað og þingtíma. Boða skal til þingsins bréflega, eða með öðrum sannanlegum hætti, með minnst tveggja mánaða fyrirvara.

##### 9. grein - Réttur til þingsetu

9.1. Knattspyrnuþingið sitja fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ.

9.2. Fulltrúafjöldi aðildarfélaga ákvarðast af þátttöku þeirra í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:

- a. Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í efstu deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar.
- b. Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar.
- c. Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 2. deild karla á komandi leiktíð, komi 2 fulltrúar.
- d. Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í neðri deildum karla og/eða kvenna á komandi leiktíð en um getur í liðum a.-c., komi 1 fulltrúi, enda hafi það tekið þátt í Íslandsmóti meistaraflokks 4 leiktíðir af síðustu 5, þar sem ein skal vera sú síðasta.
- e. Fyrir sameiginlegt lið félaga komi fulltrúar sbr. a.-d., sem skiptast milli félaga sem standa að liðinu, skv. samkomulagi þeirra á milli ella fellur þátttökuréttur til fulltrúa niður.

9.3. Fulltrúafjöldi aðildarfélags skal einungis ákvarðast af einum þeirra liða a. til e. sem gefur flesta fulltrúa.

9.4. Framkvæmdastjóri KSÍ skal senda kjörbréf til aðildarfélaga eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Aðeins sá, sem skráður er á kjörbréf, sem staðfest hefur verið af formanni aðildarfélags eða meirihluta stjórnar þess, er kjörgengur fulltrúi þess á knattspyrnuþingi og fer með atkvæðisrétt.

9.5. Hver þingfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ekki er heimilt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis. Kjörnir fulltrúar í stjórn KSÍ og varafulltrúar þeirra geta ekki farið með atkvæðisrétt á ársþingi.

9.6. Félög sem eru í skuld við KSÍ miðað við síðustu áramót, missa rétt til þingsetu. KSÍ skal tilkynna þeim félögum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing að félagið fái ekki kjörbréf nema eldri skuldir séu gerðar upp. Kjörbréfanefnd skal ganga úr skugga um, að þessu ákvæði sé framfylgt.

9.7. Á knattspyrnuþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Stjórnarmenn KSÍ.
- b. Framkvæmdastjóri KSÍ.
- c. Einn fulltrúi stjórnar hvers héraðssambands þar sem knattspyrna er iðkuð.

9.8. Jafnframt hafa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi:

- a. Heiðursformenn KSÍ.
- b. Kjörnir fulltrúar landsfjórðunga.
- c. Nefndarmenn fastanefnda KSÍ.
- d. Dómarar í dómstólum KSÍ.
- e. Endurskoðandi reikninga KSÍ og skoðunarmenn.
- f. Forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ.
- g. Fulltrúi menntamálaráðuneytis.
- h. Tveir fulltrúar samtaka knattspyrnudómara.
- i. Tveir fulltrúar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.

9.9. Auk þess getur stjórn KSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu og veitt þeim heimild til að ávarpa þingið.

### **10. grein - Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum. Reikningar KSÍ.**

10.1. Tillögur að laga- og/eða reglugerðarbreytingum sem óskað er eftir að teknar verði fyrir á knattspyrnuþingi, skulu sendar stjórn KSÍ minnst mánuði fyrir þingsetningu. Tillögurnar skulu yfirfarnar af laga- og leikreglanefnd KSÍ. Laga- og leikreglanefnd ber að láta kanna hvort tillögurnar samræmist lagaákvæðum og skuldbindingum knattspyrnusambandsins. Þá skal laga- og leikreglanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna.

10.2. Eigi síðar en hálfum mánuði fyrir boðað knattspyrnuþing KSÍ, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum dagskrá þingsins og tillögur þær, sem þá hafa borist, ásamt athugasemdum við þær.

10.3. Eigi síðar en viku fyrir boðað knattspyrnuþing, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.

## 11. grein - Dagskrá

11.1. Dagskrá knattspyrnuþings er:

- a. Þingsetning og staðfesting á lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.
- b. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- c. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- d. Kosning fyrsta og annars þingritara.
- e. Ávörp gesta.
- f. Álit kjörbréfanefndar og það samþykkt.
- g. Lögð fram skýrsla fráfaramandi stjórnar.
- h. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
- i. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
- j. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
- k. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
- l. Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
- m. Önnur mál.
- n. Kosningar. Álit kjörnefndar.
  1. Kosning stjórnar.
    - a. Kosning formanns (þriðja hvert ár).
    - b. Kosning 4ra manna í stjórn.
    - d. Kosning 3ja varamanna í stjórn.
  2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
    - a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
    - b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
  3. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
  4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
  5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn).
  6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).
  7. Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn).

8. Kosning í leyfisdóm KSÍ (5 menn).
9. Kosning fulltrúa í kjaranefnd
  - a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).
  - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).
10. Kosning kjörnefndar, (3 menn), er starfi milli þinga.

o. Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.

p. Þingslit.

11.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

## 12. grein - Atkvæðagreiðsla

12.1. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á knattspyrnuþingi, nema um lagabreytingar sé að ræða, en þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Meiri en helmingur þingfulltrúa þurfa að vera mættir á knattspyrnuþing svo atkvæðagreiðsla teljist gild en að öðrum kosti skal boða til annars knattspyrnuþings innan 7 daga.

12.2. Þingfulltrúar á knattspyrnuþingi greiða atkvæði um mál með handauppréttingu. Ef ¼ þingfulltrúa óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu, skal þingforseti verða við ósk þeirra.

12.3. Ákvarðanir sem teknar eru á knattspyrnuþingi skulu taka gildi þegar í stað nema annað sé ákveðið á knattspyrnuþingi. Stjórn KSÍ skal ljúka gerð og birtingu nýrra reglugerða eða breytinga á reglugerðum, sem knattspyrnuþing samþykkir, innan fjögurra vikna.

## 13. grein - Aukaþing

13.1. Aukaþing skal kalla saman, ef nauðsyn krefur að mati stjórnar KSÍ eða helmingur aðildarfélaga óskar þess skriflega við stjórn KSÍ. Boðunar- og tilkynningarfræstur til aukaþings skal vera helmingi styttri en til reglulegs knattspyrnuþings.

13.2. Málefni þau, er aðilar að KSÍ óska eftir að tekin verði fyrir á aukaþingi, skulu tilkynnt stjórn KSÍ minnst hálfum mánuði fyrir þingsetningu.

13.3. Eigi síðar en viku fyrir boðað aukaþing, skal stjórn KSÍ senda aðildarfélögum dagskrá þingsins og tillögur þær, sem þá hafa borist.

13.4. Um rétt til þingsetu og atkvæðisrétt á aukaþingi fer samkvæmt 9. gr. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags skal vera sá sami og á næsta knattspyrnuþingi á undan. Kjörbréfanefnd skal senda ný kjörbréf til aðildarfélaga samkvæmt nánari ákvæðum gr. 9.4.

13.5. Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.

13.6. Að öðru leyti gilda um aukaþing sömu ákvæði og um reglulegt knattspyrnuþing.



## V. STJÓRN KSÍ

### 14. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

14.1. Stjórn KSÍ skal skipuð níu mönnum að formanni meðtöldum og þremur varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast í sömu röð og þeir eru kosnir.

14.2. Stjórn KSÍ skal a.m.k. ársfjórðungslega eiga fund með fulltrúum landsfjórðunga. Á slíkum fundum hafa fulltrúar landsfjórðunga málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Fulltrúar landsfjórðunga eru trúnaðarmenn KSÍ á hverju svæði. Hlutverk fulltrúa landsfjórðunga er að fylgjast með starfi knattspyrnufélaga í fjórðungnum, stöðu knattspyrnunnar á svæðinu og skila KSÍ greinargerð um stöðu mála ásamt tillögum um aðgerðir eftir því sem þörf krefur.

### 15. grein - Kosning stjórnar KSÍ

15.1. Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnuþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning skal fara þannig fram:

- a. Kosning formanns, þriðja hvert ár, til þriggja ára í senn. Formaður skal ekki sitja lengur en fjögur kjörtímabil samfleytt.
- b. Kosning fjögurra manna í stjórn til tveggja ára. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.
- c. Kosning 3ja manna til vara í stjórn til eins árs.

15.2. Þeir sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 15.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar.

15.3. Sá sem býður sig fram til formanns skal hafa skrifleg meðmæli félaga sem fara samanlagt með a.m.k. 12 atkvæði á knattspyrnuþingi.

15.4. Tilkynning um framboð til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 15.1. og skrifleg meðmæli samkvæmt grein 15.3. skulu berast skrifstofu KSÍ minnst hálfum mánuði fyrir þing. Kjörnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan tilkynningarfrests.

15.5. Allar kosningar eru leynilegar og skriflegar nema frambjóðendur séu jafn margir og kjósa skal. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt, ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á.

15.6. Til þess að ná kjöri sem formaður KSÍ, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn, sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða. Verði þeir jafnir skal kjósa á ný með sama hætti og verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

15.7. Við kosningu í önnur embætti á knattspyrnuþingi gildir sú regla, að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Fáí fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

### 16. grein - Verkaskipting stjórnar KSÍ

16.1. Stjórn KSÍ kýs fyrsta og annan varaformann úr hópi stjórnarmanna til eins árs í senn.

16.2. Stjórn KSÍ skal koma saman til fundar eins oft og þurfa þykir. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Ef 5 aðalmenn óska eftir fundi, skal formaður boða til hans. Einfeldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundi en verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

16.3. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum og setur sér starfsreglur.

### 17. grein - Starfssvið stjórnar KSÍ

17.1. Stjórn KSÍ fer með málefni sambandsins og skal annast um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í góðu horfi. Undir starfssvið stjórnarinnar fellur m.a. eftirfarandi:

- a. Að framkvæma ályktanir knattspyrnuþings.
- b. Að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ.
- c. Að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur og setja honum starfslýsingu.
- d. Að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu.
- e. Að setja nauðsynlegar reglur og bráðabirgðaákvæði um knattspyrnumál á Íslandi.
- f. Að annast útgáfu á knattspyrnulögum og reglugerðum fyrir knattspyrnu, og sjá til þess að þær séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur.
- g. Að hafa yfirstjórn með landsmótum.
- h. Að ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót á Íslandi í samræmi við alþjóðlega leikdaga í samræmi við ákvarðanir FIFA og UEFA.
- i. Að taka ákvarðanir um þátttöku íslenskra knattspyrnuliða á alþjóðavettvangi þegar það á við.
- j. Að tefla fram landsliðum í knattspyrnu í keppni á alþjóðavettvangi.
- k. Að ráða landsliðsþjálfara til starfa.
- l. Að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnuhreyfingarinnar í landinu.
- m. Að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi eða/og reglugerðir KSÍ ná ekki yfir.
- n. Að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.

17.2. Stjórn KSÍ hefur eftirlit með því að lög KSÍ, reglugerðir KSÍ og leikreglur séu haldin og getur hún vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

17.3. Stjórn KSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum KSÍ skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum, sem gilda á hverjum tíma.

### 18. grein – Formaður stjórnar KSÍ

18.1. Formaður stjórnar KSÍ er, ásamt framkvæmdastjóra, málsvari sambandsins og ber ásamt stjórn ábyrgð á framkvæmd stefnumála, stefnumótunar og samþykka ársþings. Formaðurinn skal kappkosta að ávallt séu sem best tengsl og samstarf milli sambandsins og aðildarfélaga.

18.2. Formaður stjórnar KSÍ annast samskipti við knattspyrnusambönd annarra ríkja og álfusambönd. Hann kemur fram fyrir hönd KSÍ á þjóðavettvangi og gagnvart FIFA og UEFA.

18.3. Formaður stjórnar KSÍ ber ábyrgð á samskiptum sambandsins við ríki, sveitarfélög og ÍSÍ.

18.4. Formaður stjórnar KSÍ fær greitt fyrir störf sín, sbr. gr. 31 um kjaranefnd.

### 19. grein – Framkvæmdastjóri KSÍ

19.1. Framkvæmdastjóri KSÍ annast daglegan rekstur sambandsins og framfylgir stefnu stjórnar. Framkvæmdastjóri skal hafa prókúru fyrir sambandið. Hann er yfirmaður starfsmanna sem ráðnir eru til sambandsins. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn. Framkvæmdastjóri skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, sbr. grein 15.2. Allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu KSÍ skulu samþykktar af stjórn.

19.2. Framkvæmdastjóri KSÍ getur vísað brotum aðila á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og leikreglum til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar.

### 20. grein - Reglugerðir

20.1. Stjórn KSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða. Allar reglugerðir skulu vera aðgengilegar og birtar á vefsíðu KSÍ.

20.2. Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar KSÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með dreifibréfi og gerðar aðgengilegar í samræmi við grein 20.1.

## VI. NEFNDIR KSÍ

### 21. grein - Fastanefndir

21.1. Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

- a. Dómaranefnd.
- b. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd.
- c. Fræðslu- og útbreiðslunefnd.

d. Laga- og leikreglanefnd.

e. Landsliðsnefndir.

f. Mannvirkjanefnd.

g. Mótanefnd.

h. Samninga- og félagaskiptanefnd.

21.2. Fastanefndir starfa í umboði stjórnar KSÍ skv. lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn KSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

21.3. Formaður fastanefndar skal vera stjórnarmaður KSÍ, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Formaður boðar til funda og stýrir þeim.

## 22. grein - Dómaranefnd

22.1. Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum KSÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu knattspyrnulaganna á íslensku og sér um að dómarar framfylgi þeim. Dómaranefnd skal að mestu vera skipuð reyndum fyrrverandi dómurum.

## 23. grein - Fjárhags- og endurskoðunarnefnd

23.1 Fjárhags- og endurskoðunarnefnd hefur umsjón með fjármálum KSÍ og gerir tillögu að fjárhagsáætlun. Nefndin annast eftirlit og skoðar reglulega framgang rekstraráætlana sambandsins.

## 24. grein – Fræðslu- og útbreiðslunefnd

24.1 Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál KSÍ og annast sér í lagi menntun knattspyrnuþjálfara og leiðtoga. Nefndin skal einnig vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskri knattspyrnu og vinna að eflingu knattspyrnunnar, afreksstefnu og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri á að taka þátt í leik og starfi innan vébanda knattspyrnusambandsins.

## 25. grein - Laga- og leikreglanefnd

25.1 Laga- og leikreglanefnd er stjórn KSÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin fer yfir tillögur sem berast fyrir knattspyrnuþing og metur hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

## 26. grein - Landsliðsnefndir

26.1 Landsliðsnefndir hafa umsjón með tilteknu landsliði eða landsliðum. Nefndirnar hafa umsjón með þátttöku viðkomandi liða í alþjóðakeppni.

## 27. grein - Mannvirkjanefnd

27.1 Mannvirkjanefnd er stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um knattspyrnumannvirki. Nefndin annast flokkun knattspyrnuvalla og gerir tillögur til stjórnar KSÍ um veitingu keppnisleyfa fyrir knattspyrnuvelli.

**28. grein - Mótanefnd**

28.1. Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála KSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd, sbr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**29. grein - Samninga- og félagaskiptanefnd**

29.1. Samninga- og félagaskiptanefnd hefur eftirlit með félagaskiptum leikmanna og samningum leikmanna við aðildarfélög KSÍ. Nefndin starfar skv. reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna og reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna.

29.2. Um hæfi þeirra sem skipa samninga- og félagaskiptanefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í samninga- og félagaskiptanefnd skulu ekki sitja í stjórnnum aðildarfélaga.

**30. grein - Aðrar nefndir**

30.1. Knattspyrnuþing KSÍ getur skipað sérstakar tímabundnar nefndir, sem starfa á milli knattspyrnuþinga, til að fjalla um málefni, sem nánar eru ákvörðuð á þinginu.

30.2 Stjórn KSÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

**VII. KJARANEFND****31. grein - Skipan og hlutverk**

31.1. Kjaranefnd er skipuð þremur fulltrúum og einum til vara og er kosin á ársþingi KSÍ til tveggja ára.

31.2. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

a. Að gera tillögu til stjórnar KSÍ um laun, viðmiðun launabreytinga og starfstengd kjör formanns KSÍ og ganga frá launasamningi við hann að fenginni staðfestingu stjórnar KSÍ á tillögu nefndarinnar.

b. Að gera tillögu til stjórnar KSÍ að reglum varðandi greiðslu dagpeninga, útlagðan kostnað og ferðakostnaðar fulltrúa í stjórn KSÍ og annarra sem fallið gætu undir slíkar reglur.

c. Að gera tillögu að öðrum þeim reglum sem lúta að greiðslum til kjörinna fulltrúa og fulltrúa í fastanefndum KSÍ.

31.3. Kjaranefnd skal halda fundargerðir um fundi sína og leggja fyrir stjórn KSÍ. Ákvarðanir nefndarinnar skulu bókaðar og rökstuddar.

31.4. Um hæfi þeirra sem skipa kjaranefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í kjaranefnd skulu ekki sitja í stjórn KSÍ eða stjórnnum aðildarfélaga.

**VIII. KNATTSPYRNUMÓT****32. grein - Knattspyrnumót**

32.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 10 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

32.2. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttakandi liðum skipt í 3 deildir, efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum.

32.3. Stjórn KSÍ getur ákveðið að gefa deildum karla og kvenna nafn.

32.4. Í öllum landsdeildum karla og kvenna er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni.

32.5. Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ.

### 33. grein - Hlutfélög

33.1. Þátttökuréttur í mótum á vegum KSÍ er bundinn við aðildarfélög. Aðildarfélög geta með skriflegum samningi falið sérstökum hlutfélögum rekstur tiltekinna þátta starfsemi sinnar. Aðildarfélagið skal fara með meirihluta atkvæða á aðalfundi hlutfélagsins og megingangur hlutfélagsins skal vera bundinn við rekstur íþróttafélags og tengd efni. Eftirfarandi skal koma fram í samningi aðila:

a. Hlutfélagið skuldbindur sig til að fara eftir lögum þessum, ákvörðunum KSÍ, reglugerðum KSÍ, starfsreglum KSÍ og gangast undir allar þær sömu skyldur og aðildarfélög bera samkvæmt lögum þessum.

b. Leikmenn skulu vera félagar í aðildarfélaginu.

c. Aðildarfélagið skal halda áfram starfsemi sinni svo það fullnægi öllum kröfum sem gerðar eru til aðildar þess í lögum þessum.

d. Hlutfélagið getur með engum hætti framselt rétt sinn gagnvart aðildarfélaginu, hvaða nafni sem kann að nefnast.

e. Ef hlutfélagið verður gjaldþrota eða lagt niður með öðrum hætti þá færast öll réttindi skv. samningi aðila aftur til aðildarfélagsins.

f. Hlutfélagið skuldbindur sig til að upplýsa og afhenda KSÍ öll þau gögn sem krafist er varðandi rekstur félagsins og nær þetta einnig til leyfiskerfis KSÍ.

g. Samning aðila skal leggja fyrir stjórn KSÍ innan 7 daga frá dagsetningu hans og tekur ekki gildi fyrr en við samþykki stjórnar KSÍ.

33.2. Ekki er heimilt að fleiri en eitt aðildarfélag sé með samning við eitt og sama hlutfélagið né að hlutfélagið eigi hluti í öðru hlutfélagi sem er með slíkan samning við aðildarfélag. Jafnframt mega eigendur hlutfélags með samning við aðildarfélag ekki vera í nánnum tengslum við annan aðila með slíkan samning. Með nánnum tenglum er átt við þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast, með beinum eða óbeinum hætti, eignarhaldi á minnst 5% hlutfjár eða yfirráð yfir 5% af atkvæðisrétti.

33.3. Ef brotið er gegn ákvæði þessu þá getur stjórn KSÍ fellt úr gildi samning sem áður var samþykktur.

33.4 Stjórn KSÍ setur nánari reglur varðandi hlutafélög í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og/eða öðrum reglugerðum þar sem við á.

### **34. grein - Leyfiskerfi**

34.1. Aðildarfélög, sem eiga rétt á þátttöku í efstu og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla skulu árlega sækja um þátttökuleyfi.

34.2. Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur KSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál. Kröfurnar eru byggðar á samræmdum staðli UEFA og íslenskum aðstæðum.

34.3. Stjórn KSÍ skal gefa út leyfishandbók KSÍ, sem gerir grein fyrir ofangreindum kröfum og leyfisferlinu. Leyfishandbókin skal vera samþykkt af UEFA.

34.4. Leyfisnefndir, kjörnar á knattspyrnuþingi, stýra leyfisferlinu ásamt leyfisstjóra sem starfar á skrifstofu KSÍ.

## **IX. AGA- OG ÚRSKURÐARNEFND KSÍ**

### **35. grein - Aga- og úrskurðarnefnd**

35.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra fimm mönnum. Skulu þeir kosnir á knattspyrnuþingi til tveggja ára í senn.

35.2. Nefndin starfar skv. aga- og úrskurðarreglum KSÍ og skulu a. m. k. þrír taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.

35.3. Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum þessum, reglugerðum KSÍ og aga- og úrskurðarreglum KSÍ gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaganna KSÍ.

35.4. Um hæfi þeirra sem skipa aga- og úrskurðarnefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í aga- og úrskurðarnefnd skulu hvorki sitja í stjórn knattspyrnusambandsins eða stjórnnum aðildarfélaganna.

## **X. ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLL KSÍ**

### **36. grein – Almenn**

36.1. Áfrýjunardómstóll KSÍ starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól.

### **37. grein – Skipun**

37.1. Áfrýjunardómstóll KSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 5 löglærðum til vara.

37.2. Dómarar skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi til setu fram að næsta reglulega knattspyrnuþingi og kýs dómstóllinn sér forseta úr hópi aðalmanna.

37.3. Áfrýjunardómstóll KSÍ starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ og skulu a. m. k. þrír dómáramar fara með mál og skipar forseti í dóminn í hverju máli fyrir sig.

### 38. grein - Áfrýjanir

38.1. Áfrýjunardómstóll KSÍ tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarnefnd.

38.2. Ákvarðanir áfrýjunardómstóls KSÍ eru endanlegar og bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

### 39. grein - Lögsaga o.fl.

39.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á.

39.2. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum, umboðsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstól KSÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KSÍ að reka málið fyrir nefndum innan KSÍ. Aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál vegna laga- og reglugerða KSÍ fyrir almennum dómstólum.

39.3. Ágreiningsmál aðila innan vébanda KSÍ gagnvart aðila innan vébanda erlends knattspyrnusambands skal fara með samkvæmt reglum FIFA eða UEFA og hefur FIFA eða UEFA lögsögu í slíkum málum. Ákvarðanir FIFA eða UEFA í slíkum málum eru endanlegar og bindandi fyrir alla aðila en ákvörðunum FIFA eða UEFA er hægt að skjóta til Íþróttadómstólsins (Court of Arbitration for Sport, skammstafað CAS) í Lausanne í Sviss sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-related Arbitration). Er sú niðurstaða endanleg og bindandi fyrir aðila.

39.4. Um hæfi þeirra sem skipa áfrýjunardómstól KSÍ skal farið eftir hæfisreglum stjórnslulaga. Þeir sem skipaðir eru í áfrýjunardómstól KSÍ skulu hvorki sitja í stjórn knattspyrnusambandsins eða stjórnun aðildarfélaga.

## XI. VIÐURLÖG OG REFSINGAR

### 40. grein - Viðurlög

40.1. Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum KSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart félögum:

- a. Áminning.
- b. Félagaskiptabann.
- c. Leika án áhorfenda.
- d. Leika á hlutlausum velli.



e. Bann að leika á tilteknum leikvelli.

f. Ógilding leiks.

g. Brottvísun úr mótí.

h. Ósigur í leik.

i. Stig frádregin.

j. Fall í lægri deild.

k. Fésekt.

l. Dagektir.

40.2. Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum KSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart einstaklingum:

a. Áminning.

b. Brottvísun.

c. Leikbann.

d. Bann frá búningsklefum og/eða varamannabekk.

e. Bann frá leikvangi.

f. Bann frá allri þátttöku í knattspyrnu.

## **XII. REIKNINGAR**

### **41. grein - Reikningsárið**

41.1. Reikningsár KSÍ er almanaksárið.

41.2. Reikningar KSÍ skulu undirritaðir af meirihluta stjórnar og framkvæmdastjóra.

41.3. Endurskoðendur KSÍ skulu vera löggiltir endurskoðendur og óháðir KSÍ.

41.4. Reikningar KSÍ skulu endurskoðaðir og áritaðir af kjörnum endurskoðanda.

## **XIII. ÝMIS ÁKVÆÐI**

### **42. grein - Réttindi**

42.1. KSÍ og aðildarfélög innan KSÍ eru eigendur alls réttar, sem tengist mótahaldi KSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af KSÍ. Þessi réttur nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, t.d. í sjónvarpi, í útvarpi, á internetinu og í síma, markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar.

42.2. Stjórn KSÍ skal hafa samráð við viðkomandi aðildarfélög eða samtök þeirra um nýtingu fjárhagslegra réttinda og getur falið þeim að annast samningsgerð er þeim tengjast.

#### 43. grein - Heiðursformaður

43.1. Knattspyrnuþing má kjósa heiðursformann Knattspyrnusambands Íslands, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

43.2. Heiðursformenn KSÍ hafa rétt til setu á knattspyrnuþingum og hafa þar málfrelsi. Heiðursformenn KSÍ koma fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

#### 44. grein - Önnur atvik

44.1. Stjórn KSÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi knattspyrnuna innan vébanda ÍSÍ, sem lög þessi eða reglugerðir KSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.

#### 45. grein - Sambandsslit

45.1. Tillögu um að leggja KSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu knattspyrnuþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða.

45.2. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni, og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings, taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja KSÍ niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum KSÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar knattspyrnuíþróttar í landinu.

#### 46. grein - Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi við samþykki þeirra á knattspyrnuþingi í febrúar 2018 og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ og falla þá eldri lög úr gildi.

#### **Greinargerð**

Á 71. ársþingi KSÍ, sem haldið var í Vestmannaeyjum þann 11. febrúar 2017, var samþykkt eftirfarandi tillaga stjórnar KSÍ:

*„Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki að fela stjórn KSÍ að skipa fimm fulltrúa í starfshóp, sem fari yfir og endurskoði ákvæði laga KSÍ. Miðað verði við að niðurstaða starfshópsins verði kynnt á fundi formanna og framkvæmdastjóra í nóvember 2017 og hún síðan lögð fyrir ársþing KSÍ árið 2018.“*

Í millipinganefndina voru skipaðir eftirfarandi:

Gísli Gíslason, formaður, Eiríkur S. Jóhannsson, Feldís Lilja Óskarsdóttir, Gísli Guðni Hall og Ómar Bragi Stefánsson. Með nefndinni starfaði Haukur Hinriksson lögfræðingur hjá KSÍ.

**I. kafli:** Engar breytingar eru lagðar til á hlutverki KSÍ, en gerð er breyting á orðalagi 1. greinar laganna sem er þannig í dag: "Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga innan ÍSÍ, sem iðka og keppa í knattspyrnu." Ákvæðið er samhljóða

ákvæðum annarra sérsambanda, á þeirri forsendu að KSÍ er í grunninn samband íþróttafélaga, sem eru aðilar að íþróttabandalögum og hérðassamböndum og aðilar að ÍSÍ þá er orðalag greinarinnar aðlagði því. Ný tillaga að orðalagi greinarinnar er eftirfarandi: "Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) er samband íþróttafélaga sem iðka og keppa í knattspyrnu og eru innan héraðssambanda og íþróttabandalaga, sem eru aðilar að ÍSÍ." Hlutverk hérðassambandanna og íþróttabandalaganna og umsvif þeirra er mismunandi, en almennt hafa þau ekki áhrif á daglegt starf íþróttafélaganna og tengsl þeirra við KSÍ.

**II. kafli:** Þær breytingar sem lagðar eru til miða að því að skerpa á réttindum og skyldum félaga innan KSÍ. Sett er inn ákvæði sem skerpur á heimild stjórnar KSÍ til þess að setja skilyrði fyrir þátttöku félaga í mótum og reglur um þáttökugjöld standi efni til slíkra gjalda.

Þá eru eftirfarandi áherslum bætt við:

- Ákvæði um skuldbindingar félags til að vinna gegn ákveðnum andfélagslegri og ólöglegri starfsemi.
- Að bókhald félaganna skuli vera samkvæmt lögum.
- Að reikningstímabil félaganna skuli vera almanaksárið.
- Skilgreint betur hvaða aðilar bera ábyrgð á brotum gegn lögum og reglugerðum KSÍ.

Ennfremur er sú breyting lögð til á 7. grein laganna að skilgreining stjórnar KSÍ sé skýrð betur en er í núgildandi lögum. Nú er ýmist talað um stjórn KSÍ, Aðalstjórn og framkvæmdastjórn, en lagt er til að eingöngu verði notast við hugtakið "stjórn" KSÍ og hún eigi aðeins við um þá sem kjörnir eru í stjórn á ársþingi hverju sinni. Þá eru felld út ákvæði e-liðar 7. greinar um framkvæmdastjórn og f-liðar um framkvæmdastjóra, en ákvæði um framkvæmdastjóra er að finna í tillögu breyttri 19. grein laganna.

**III. kafli:** Í greininni er stjórn KSÍ skilgreind á annan hátt en er í núgildandi lögum. Felld er niður skilgreining milli stjórnar og aðalstjórnar og stjórnin kölluð einu nafni í öllum greinum laganna. Þá er felld út ákvæði um framkvæmdastjórn, sem í dag heimilar ákveðnum fulltrúum stjórnar að taka ákvarðanir um mál ef ekki næst til annarra stjórnarmanna. Ákvæðið er metið óþraft. Þá er felld niður ákvæði um framkvæmdastjóra en ákvæði um það starf fært í 19. grein laganna. Loks er lagfært orðalag í grein 7.2 um hlutverk leyfisnefnda.

**IV. kafli:** Nokkrar orðalags- og áherslubreytingar eru gerðar á nokkrum grienum kaflans. Þær helstu eru eftirfarandi:

- Orðalag um 0 deild er breytt í efstu deild.
- Skilyrði fyrir virku atkvæði félags í neðri deildum er lengt úr þremur leiktíðum af fimm í fjórar leiktíðir af fimm.
- Fulltrúafjöldi liða í efstu deild og 1. deild karla og kvenna verði sá sami - þ.e. fjórir fulltrúar liðs í efstu deild og þrír fulltrúar liðs í 1. deild.
- Að sameiginleg félög verði að koma sér saman um skiptingu fullrúa ella fellur rétturinn til fulltrúans niður.
- Ákvæði um tilnefningu fullrúa hérðassambanda fellur niður, en þau hafa þó seturétt á ársþingi.
- Skýrari ákvæði um hlutverk kjörbrefanefndar og tilnefningu félags á fulltrúa þess á ársþingi.

Þá er lagðar til breytingar 10. grein laganna þar sem eftirfarandi eru aðalatriðin:

- Ákvæði um að álit liggi fyrir ársþingi um laga- og reglugerðarbreytingar þar sem athugað er hvort tillaga sé þinghæf auk þess sem viðkomandi nefnd inna KSÍ gefi álit sitt á efni tillögunnar.
- Athugasemdir við tillögu skulu sendar aðildarfélgöunum fyrir ársþing.
- Fjárhagsáætlun KSÍ skal fylgja starfsáætlun fyrir komandi ár.

Í 11. grein eru gerðar tillögur að breytingum og þær helstar þessar:

- Starfsáætlun skal fylgja fjárhagsáætlun.
- Lagt er til að kosning formanns eigi sér stað þriðja hvert ár.
- Orðalagi við kosningu landshlutafulltrúa breytt.
- Lagt til að á ársþingi verði kosnir löggiltir endurskoðendur KSÍ eða endurskoðunarfyrtæki sem hefur það í för með sér að áritun á ársreikning KSÍ verði háð löggiltri endurskoðun.
- Lagt til að kosnir verði þrjár fulltrúar í kjaranefnd og einn til vara.
- Þá er orðalagi breytti í 12. grein þar sem skerpt er á gildistöku ákvæða reglugerða sem ársþing samþykkir.

**V. kafli:** Ákvæðum kaflans er í nokkru breytt. Helstu atriðin eru þessi:

- Stjórn KSÍ er skilgreind þeir níu fulltrúar sem kosnir eru á ársþingi.
- Í ákvæði 14.2. er skilgreint hlutverk landshlutafulltrúa.
- Sett er inn ákvæði þar sem kjörtímabil formanns er lengt úr tveimur árum í þrjú og að hann geti setið samfleytt sem formaður í þrjú kjörtímabil eff hann er kosinn til þess. Í grein 15.4 er síðan bætt inn ákvæði unnið að sá sem býður sig fram til formanns skuli hafa til þess meðmæli félaga sem ráða yfir a.m.k. 12 atkvæðum á ársþingi.
- Í grein 15.2 er sett ákvæði sem tekur á hæfi stjórnarmanna.
- Í grein 16.1 er fellt niður embætti gjaldkera sem er barn síns tíma. Ábyrgð á fjárreiðum KSÍ er á hendi stjórnar og framkvæmdastjóra, en formaður fjárhags- og endurskoðunarnefndar hefur eftirlit þeirra mála af hálfu stjórnarinnar verði ákvæði þar að lútandi samþykkt.
- Fellt er niður ákvæði um að stjórn KSÍ skuli koma a.m.k. fjórum sinnum á ári saman til fundar.
- Fellt er niður ákvæði um framkvæmdastjórn.
- Nokkrar orðalagsbreytingar eru gerðar á hlutverki stjórnar KSÍ.
- Fellt er niður ákvæði sem heimilar stjórn KSÍ að taka sjálfstætt til skoðunar brot gegn lögum og reglum KSÍ og ákveða viðurlög.

Í 18. og 19. grein er gerð tillaga að skilgreiningu á starfi formanns stjórnar og að hann þiggi laun fyrir störf sín samkvæmt ákvörðun kjaranefndar. Einnig er sett fram skarpari skilgreining á hlutverki framkvæmdastjóra.

**VI. kafli:** Þrjár efnisbreytingar eru gerðar við ákvæði kaflans um fatsanefndir:

- Gerð er tillaga um að sameina fræðslu- og útbreiðslunefnd.
- Lagt er til að fjárhagsnefnd verði kölluð fjárhags- og endurskoðunarnefnd og taki þannig við auknu hlutverki um eftirlit með fjárreiðum og starfsemi KSÍ í samræmi við bókhaldslög og lög um endurskoðunarnefndir.
- Lagt er til að inn komi sérstakt hæfisákvæði þeirra sem skipaðir eru í samninga- og félagaskiptanefnd.

**VII. kafli:** Ekki þótti ástæða til að gera sérstakar breytingar á ákvæðum kaflans að því undanskyldu að sett er inn ákvæði um hæfi þeirra sem kosnir eru í aga- og úrskurðarnefnd.

**VIII. kafli:** Lagt er til að ákvæði um framkvæmdastjóra og skrifstofu falli niður, en að endurbætt ákvæði færast undir V. kafla laganna. Ákvæði um starfsskyldur, hlutverk og hæfi verði í 19. grein laganna. Lagt er til að kaflinn fái nýtt heiti: Kjaranefnd og að ákvæði um kjaranefnd taki á ákvörðunum um laun

formanns og aðrar greiðslur sem inntar eru af hendi til formanns, stjórnar og nefnda t.d. vegna ferða. Sett eru sérstök hæfisákvæði um þá sem tækju kosningu í nefndina.

**IX. kafli:** Lagt er til að fella úr lögnum ákvæði til bráðabirgða um skipan deilda knattspyrnu kvenna fyrir árið 2016. Að öðru leyti er engu breytt í kaflanum.

**X. kafli:** Ekki þykir ástæða til að gera sérstakar breytingar á ákvæðum kaflans að því undanskyldu að sett er inn ákvæði um hæfi þeirra sem kosnir eru í áfrýjunardómstólinn.

**XI. kafli:** Gerð er breyting á ákvæðum þannig að skipt er upp refsheimildum eftir því hort um er að ræða félög eða einstaklinga.

**XII. kafli:** Lögð er til sú breyting að meirihluti stjórnar skuli undirrita ársreikning sambandsins, en nú er áskilið að formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri undirriti ársreikninginn. Þá er lagt til að kjörinn endurskoðandi skuli vera löggiltur endurskoðandi og að reikningar sambandsins lúti löggilttri endurskoðun.

**XIII. kafli:** Fjórar breytingar eru lagðar til á ákvæðum kaflans:

- Í grein 42.1 er fjallað um fjárhagsleg réttindi í eigu KSÍ og félaganna. Í grein 42.2. er fellt út ákvæði um að KSÍ skuli setja reglugerð um nýtingu þessara réttinda en kveðið á um að KSÍ skuli hafa samráð við félög um nýtingu réttindanna og að KSÍ geti falið tilteknum félögum eða viðurkenndum samtökum þeirra að fara með samningsumboð einstakra réttinda.
- Lagt er til að fella út heimild heiðursformanna til setu á stjórnarfundum KSÍ. Ákvæðið er óþarft, enda hefur aldrei reynt á seturétt heiðursformanna á þeim fundum.
- Lagt er til að heimild stjórnar KSÍ til að beita viðurlögum, eins og nú er kveðið á um í grein 44.2., falli niður enda er það hlutverk aga- og úrskurðarnefndar og Áfrýjunardómstóls að taka ákvarðanir um viðurlög samkvæmt lögum KSÍ og reglugerðum.
- Lagt er til að ákvæði 46. greinar um aukinn meirihluta fyrir lagabreytingum verði felld niður enda kveðið á um sama atriði í 12. grein laganna.

Þær tillögur sem lýst hefur verið hér að ofan eru fremur lagfæring á einstökum ákvæðum laga KSÍ en megin breytingar á starfsemi og skipulagi. Lög KSÍ þurfa að samræmast ákvæðum UEFA og ÍSÍ en einnig vera þannig úr garði gerð að þau gegni hlutverki sínu til lengri tíma. Núgildandi lög voru samþykkt fyrir liðlega 10 árum og er uppistaða þeirra enn grunnur að starfsemi KSÍ. Minnt er á að skipulag KSÍ er um margt frábrugðið skipulagi knattspyrnusambanda í nágrannalöndum og aðgengi einstakra félaga í öllum deildum og dagleg samskipti þeirra við knattspyrnusambandið meiri en gengur og gerist erlendis. Þegar kemur að sjónarmiðum um hvernig lögum KSÍ skuli háttað eru skiptar skoðanir um einstök efnisatriði, en nefndin ræddi ýmis sjónarmið og útfærslur einstakra greina, en að niðurstöðu fenginni lagt til stjórnar KSÍ tillögur sínar. Meginatriðið er að í lögum séu almenn ákvæði um starfsramma KSÍ og þeirra aðila sem lögin fjalla um, en um leið bent á að tímabært er að skoða nánar einstakar reglugerðir sem byggjast á lögnum. Reglugerðum hefur fjölgað nokkuð hin síðustu ár og ýmis atriði orðin um margt flóknari en áður var. Því er mikilvægt að ákvæði reglugerða séu skýr og að innbyrðis samræmi sé á milli einstakra reglugerða ekki síst varðandi ákvæði í þeim reglugerðum UEFA sem ber að fara eftir.

Með samantekt þessari fylgja tillögur að lagabreytingum og hefur nefndin þá lokið verkefni sínu en er að sjálfsgöðu reiðubúinn að kynna efnið og ræða það sem hugsanlega má betur fara.

### Nefnd vegna endurskoðunar laga KSÍ Stjórn KSÍ

Haraldur Haraldsson (Víkingur R.) tók til máls. Haraldur kom í pontu sem formaður ÍTF (Íslenskur topp fótbolti) og lagði fram breytingatillögu, þingskjal 7b.

#### Þingskjal 7b

**Rauðmerktar** eru tillögur ÍTF að breytingum á þingskjali 7.

#### Tillaga stjórnar KSÍ

##### **21. grein – Fastanefndir**

21.1. Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

b. Fjárhags – og endurskoðunarnefnd

##### **23. grein – Fjárhags- og endurskoðunarnefnd**

23.1. Fjárhags – og endurskoðunarnefnd hefur umsjón með fjármálum KSÍ og gerir tillögu að fjárhagsáætlun. Nefndin annast eftirlit og skoðar reglulega framgang rekstraráætlana sambandsins.

#### Breytingatillaga

##### **21. Grein – Fastanefndir**

21.1. Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

**b. Fjárhagsnefnd**

##### **23. grein – Fjárhagsnefnd**

**23.1. Fjárhagsnefnd hefur umsjón með fjármálum KSÍ og gerir tillögu að fjárhagsáætlun.**

#### Tillaga stjórnar KSÍ

##### VIII. KJARANEFND

##### **32. grein - Skipan og hlutverk**

32.1. Kjaranefnd er skipuð þremur fulltrúum og einum til vara og er kosin á ársþingi KSÍ til tveggja ára.

32.2. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi: .....

#### Breytingatillaga

##### VIII. KJARA – OG SKOÐUNARNEFND

##### **32. grein - Skipan og hlutverk**

32.1. Kjaranefnd er skipuð þremur fulltrúum og einum til vara og er kosin á ársþingi KSÍ til tveggja ára.

32.2. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi: .....

**Við bætist: 32.2.4. að annast eftirlit og skoða framgang rekstraráætlana sambandsins eftir 6 mánaða uppgjör eigi síðar en 15. ágúst ár hvert.**

#### Tillaga stjórnar KSÍ

##### 7. grein - Stjórnkerfi KSÍ

7.1. Málefnum KSÍ stjórnna:

a. Knattspyrnuþing fer með æðsta vald í málefnum KSÍ og setur nauðsynleg lög.

#### Breytingatillaga

7. grein - Stjórnkerfi KSÍ

7.1. Málefnum KSÍ stjórnar:

a. Knattspyrnuþing fer með æðsta vald í málefnum KSÍ og setur nauðsynleg lög. **Ákvarðanir sem teknar eru á knattspyrnuþingi eru bindandi. Taki stjórn ákvörðun um útgjöld utan fjárhagsáætlunar, þ.e. nýrra útgjaldaliða, skal leita umsagnar kjara –og skoðunarnefndar sbr. kafla VIII og kynna í fundargerð stjórnar.**

#### Greinargerð

Afar mikilvægt er að fjárhagsáætlun sem er í gildi hverju sinni sé virt og ekki sé stofnað til útgjalda sem ógnað geti jafnvægi áætlunarinnar. Vissulega geta alltaf komið upp aðstæður sem verða til þess að óhjákvæmilegt er að fara fram úr áætlun en það er lyklatríði að ekki sé stofnað til nýrra útgjaldaliða nema með umsögn ársþings eða umsagnaraðila. Umfang reksturs KSÍ hefur aukist verulega á undanförunum árum og því rétt að stjórnarsýsla sambandsins taki breytingum í samræmi við það. Í engu er verið að kasta rýrð á ábyrgð né hæfni stjórnar hverju sinni og tilgangurinn er einfaldlega sá að félögin séu betur upplýst um hver staðan er og hvernig fjármálum okkar samtaka sé háttað hverju sinni. Í tillögum stjórnar er gert ráð fyrir því að kjörin kjaranefnd hafi víðtækt hlutverk varðandi launagreiðslur til stjórnenda KSÍ, dagpeningagreiðslur o.fl og slík nefnd er vel til þess fallin að hafa jafnframt það hlutverk að hafa ákveðið eftirlit, þó ráðgefandi sé og með ekkert ákvörðunarvald, með fjármálum okkar samtaka.

#### Tillaga stjórnar KSÍ

9.2. Fulltrúafjöldi þeirra ákvarðast af þátttöku þeirra í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:

- a. Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 0. efstu deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar.
- b. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar.

#### Breytingatillaga

9.2. Fulltrúafjöldi þeirra ákvarðast af þátttöku þeirra í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:

- a. Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 0. efstu deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar. **Sé viðkomandi félag með lið sem hefur rétt til þátttöku beggja kynja í sömu deild á komandi leiktíð komi til viðbótar 1 fulltrúi.**
- b. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar. **Sé viðkomandi félag með lið sem hefur rétt til þátttöku beggja kynja í sömu deild á komandi leiktíð komi til viðbótar 1 fulltrúi.**

#### Tillaga stjórnar KSÍ

9.3. Fulltrúafjöldi aðildarfélags skal einungis ákvarðast af einum þeirra liða a til f sem gefur flesta fulltrúa.

#### Breytingatillaga

9.3. Fulltrúafjöldi aðildarfélags skal einungis ákvarðast af einum þeirra liða a til f sem gefur flesta fulltrúa. **Félag sem ekki heldur úti starfsemi í yngri flokkum beggja kynja getur að hámarki verið með 1 fulltrúa.**

Greinargerð

Fulltrúafjöldi á þingi – 9.grein

Breytingin er lögð fram í ljósi þess að veruleg skekkja er orðin á milli fulltrúafjölda þeirra félaga sem halda úti fullri starfsemi beggja kynja í öllum aldursflokkum annars vegar og hins vegar þeirra félaga sem einungis eru með t.d. eitt lið í meistaraflokki karla eða kvenna í mótum á vegum KSÍ. Það er í hæsta máta óeðlilegt að félög sem hafa kannski á að skipa 30-50 félagsmönnum/iðkendum hafi 1 atkvæði á móti 4 atkvæðum félaga sem eru með 1000-1500 félagsmenn/iðkendum og eru með fulla starfsemi í öllum aldursflokkum. Þessa skekkju verður að leiðrétta með einhverjum hætti.

Tillaga stjórnar KSÍ

14. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

14.1. Stjórn KSÍ skal skipuð níu mönnum að formanni meðtöldum og þremur varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast í sömu röð og þeir eru kosnir.

Breytingatillaga

14. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

14.1. Stjórn KSÍ skal skipuð níu mönnum að formanni meðtöldum og þremur varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast í sömu röð og þeir eru kosnir.

**14.2. Auk kjörinna fulltrúa tilnefna viðurkennd hagsmunasamtök félaga í efstu deildum tvo áheyrnarfulltrúa með tillögurétt í stjórn KSÍ.**

Greinargerð

Skipulag stjórnar – áheyrnarfulltrúar – 14.grein

Sú þróun hefur orðið innan Evrópska knattspyrnusambandsins, UEFA, að fulltrúar aðildarfélaga hafa beina aðild að framkvæmdastjórn sambandsins, samtök Evrópskra knattspyrnufélaga á 2 fulltrúa í stjórn UEFA auk þess sem samtök atvinnudeilda í Evrópu eiga einn fulltrúa. Það er tímabært að við fetum sömu leið og tókum það skref til að byrja með að viðurkennd hagsmunasamtök aðildarfélaga í tveimur efstu deildunum fái áheyrnarfulltrúa með tillögurétt í stjórninni. Það er í samræmi við bætta stjórnsýslu, og áherslur UEFA, að félögin hafi aðkomu að beinni ákvarðanatöku um málefni sem snúa beint að þeim.

Tillaga stjórnar KSÍ

15. Grein – Kosning stjórnar KSÍ

15.1. Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnuþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning skal fara þannig fram:

- a. Kosning formanns, þriðja hvert ár, til þriggja ára í senn. Formaður skal ekki sitja lengur en fjögur kjörtímabil samfleytt.
- b. Kosning fjögurra manna í stjórn til tveggja ára. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.

Breytingatillaga



## 15. Grein – Kosning stjórnar KSÍ

15.1. Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnuþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning skal fara þannig fram:

a. Kosning formanns, annað hvert ár, til tveggja ára í senn.

b. Kosning fjögurra manna í stjórn til tveggja ára, en fjórir menn ganga úr aðalstjórn á hverju ári.

## Greinargerð

Flutningsmenn tillögunnar telja ekki þörf á að breyta núgildandi lögum um kosningu formanns og stjórnar KSÍ sem gefist hefur vel.

Tillaga stjórnar KSÍ

## 16. grein – Verkaskipting stjórnar KSÍ

16.2. Stjórn KSÍ skal koma saman til fundar eins oft og þurfa þykir.....

Breytingatillaga

## 16. grein – Verkaskipting stjórnar KSÍ

16.2. Stjórn KSÍ skal koma saman til fundar **minnst 6 sinnum á ári.....**

## Greinargerð

Flutningsmenn tillögunnar telja ekki þörf til þess að taka út ákvæði um lágmarksfjölda funda stjórnar á ári.

Tillaga stjórnar KSÍ

21.1. Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

a. Dómaranefnd

b. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd

21.2. Fastanefndir starfa í umboði stjórnar KSÍ skv. lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn KSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

Breytingatillaga

## 21. grein - Fastanefndir

21.1. Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

**b. Fjárhagsnefnd**

21.2. Fastanefndir starfa í umboði stjórnar KSÍ skv. lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn KSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag. **Í allar fastanefndir, að undanskildum samninga – og félagaskiptanefnd og fjárhagsnefnd, skal a.m.k. einn fulltrúi tilnefndur af viðurkenndum hagsmunasamtökum aðildarfélaga.**

## Greinargerð

## Nefndaskipan

Vísað er til sömu greinargerðar og fylgir með breytingatillögu varðandi skipan stjórnar. Tryggja verður í lögum að aðildarfélögin eigi beina aðild að nefndum sambandsins og rödd þeirra heyrast þar. Því miður hefur fulltrúum aðildarfélaga í nefndum fækkað, þ.e. nefndum þar sem eðlilegt er að félögin komi að málum og tillögurnar taka mið af því.

Tillaga stjórnar KSÍ

42.1. KSÍ og aðildarfélag innan KSÍ eru eigendur alls réttar, sem tengist mótaaldi KSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af KSÍ. Þessi réttur nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, t.d. í sjónvarpi, í útvarpi, á internetinu og í síma, markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar.

42.2. Stjórn KSÍ skal hafa samráð við viðkomandi aðildarfélag eða samtök þeirra um nýtingu fjárhagslegra réttinda og getur falið þeim að annast samningsgerð er þeim tengjast.

Breytingatillaga

42.1. KSÍ og félagin innan KSÍ eru eigendur alls réttar, sem tengist mótaaldi KSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af KSÍ. Þessi réttur nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, t.d. í sjónvarpi, í útvarpi, á internetinu og í síma, markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar.

**42.2. Aðildarfélag eða viðurkennd samtök liða í hverri deild fara með réttindi í viðkomandi deild og semja um ráðstöfun þeirra í samráði við KSÍ.**

## Greinargerð

## Réttindamál – 42.grein

Réttindi hvers konar sem tengjast mótaaldinu eru gríðarlega mikilvæg og verðmæt félögunum og því eðlilegt í alla staði að þeir aðilar sem hafa mestra hagsmuna að gæta varðandi réttindin fari með þau og semji um ráðstöfun þeirra líkt og víðast annars staðar er gert. Vissulega geta þeir aðilar leitað til KSÍ varðandi útfærslur og samningsatriði en eðlilegt er að frumkvæðið sé þeirra sem mestra hagsmuna hafa að gæta.

**Tillögurnar leggja fram eftirtalin félag:****Breiðablik****FH****Fjölnir****Fram****Fylkir****Haukar****HK****ÍA****ÍBV****ÍR****Keflavík****KR****Njarðvík****Selfoss****Stjarnan****Valur****Víkingur Ó****Víkingur R****Þróttur**

Ágúst Sindri Karlsson (Haukar) tók til máls og hvatti til samtöðu. Hann taldi að rétt væri að taka hvern kafla fyrir sig til afgreiðslu.

Örn Gunnarsson (ÍA) tók til máls. Hann taldi of mikið að ætlast til að þingið kynnti sér þessar veigamiklu breytingartillögur á svona stuttum tíma. Sumar þeirra væru mjög veigamiklar og færu gegn niðurstöðum starfshóps KSÍ. Örn benti á að t.d. væri orðalag er varðar grein 9.2 í þingskjali 7b ekki nægilega skýrt. Velti hann upp spurningunni hvað með sameiginleg félög eins og Þór/KA og HK/Víking, fá þá bæði félög einn þingfulltrúa til viðbótar eða hvernig yrði þeim málum háttað? Örn lagði til að málinu yrði frestað í heild sinni og starfi þessa starfshóps yrði framhaldið.

Örn lagði í kjölfarið fram skriflega breytingatillögu, þingskjal 7c.

### **Þingskjal 7c**

Lagt er til að tillögum um breytingum á lögum og breytingartillögum þar á, verði frestað til næsta ársþings og vinnu nefndar KSÍ verði framhaldið fram að næsta ársþingi KSÍ

**Reykjavík, 10. febrúar 2018**

**Örn Gunnarsson, ÍA.**

Árni Ólason (Höttur) tók til máls. Hann sagðist setja stórt spurningamerki við að setja fram svo veigamiklar breytingartillögur með engum fyrirvara. Hann tók undir með Erni og lagði til að meiri tími yrði gefinn til að vinna þetta mál. Hann taldi ekki rétt að afgreiða svo stórt mál með þessum hætti.

Jón Rúnar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann sagðist skilja þær athugasemdir sem komið hefðu fram um skamman tíma fyrir þingfulltrúa til að kynna sér málin. Hann benti jafnframt á að 19 félög stæðu að þessum tillögum og mikil og vönduð vinna hefði verið lögð í þær af hálfu ÍTF. Jón Rúnar sagði tilganginn með tillögunum að efla beina aðkomu félaganna að stjórn og ákvarðanatöku KSÍ. Hann sagði sambærilegt vera að gerast í nágrannalöndum. Það væri réttlætismál að styrkja stöðu stóru félaganna. Jón hvatti þingheim til að skoða öftustu síðuna, virða tillögur og óskir þessara félaga og klára málið.

Marteinn Ægisson (Þróttur V.) tók til máls. Hann tók undir með Erni og óskaði eftir meiri tíma til að fara yfir þetta mál. Þróttur Vogum ætlaði að leggja til samskonar tillögu og Örn lagði fram.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, tók til máls. Hann sagði að það væri fullt af atriðum í þessum breytingatillögum sem væru góð og að stjórn KSÍ væri alls ekki ósammála. Annað orkaði tvímælis og sagðist Guðni ekki vera sammála Jóni Rúnari í þeim efnum að félagin hefðu ekki nægilega áheyrn í stjórn KSÍ. Guðni taldi að þetta væri að sínu mati ekki rétta leiðin til að afgreiða jafn viðamikil mál og þetta og tíminn til að skoða málið gaumgæfilega væri knappur. Hann setti spurningamerki við nokkur atriði í þessum tillögum. T.d. er varða atkvæðavægi/fjöldi þingfulltrúa. Guðni benti á að öll lög miðast við meðaltalsvægi og að þessa tillögu þyrfti að skoða betur. Guðni hvatti til samstöðu og að KSÍ og ÍTF þyrftu að gæta þess að ekki mynduðust tvær valdastofnanir innan sömu samtakanna. Þessi tvö samtök þyrftu að vinna saman. Stjórn KSÍ væri tilbúin að funda oftast með ÍTF. Í stjórn KSÍ væru kosnir fjórir fulltrúar á hverju ári og þó fólkið væri ekki í búningum á stjórnarfundum kæmi það frá félögunum í landinu. Hann gerði athugasemdir við að ÍTF fengi áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum KSÍ.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann lýsti yfir óánægju sinni með þá hugmynd um að fresta enn frekar afgreiðslu þessa máls. Viðar benti á að sú þróun hafi átt sér stað að félögin í Evrópu væru komin meira inn í stjórnir knattspyrnusambanda í Evrópu. Viðar nefndi að stór meirihluti iðkenda í landinu, 80-85%, væri í þessum félögum sem að tillögnum stæðu og að þessar tillögur væru ekki til þess fallnar að gera vægi minni félaganna eitthvað minna.

Eysteinn Pétur Lárusson (Breiðablik) tók til máls. Hann ítrekaði að ekki væri verið að taka neitt af félögum sem ekki ættu lið í efstu deildum kvenna og karla. Eingöngu væri verið að bæta við atkvæðum hjá stærri og fjölmennari félögum.

Haraldur Haraldsson (Víkingur R.) tók til máls. Hann dró til baka breytingatillögu um fjölda þingfulltrúa, grein 9.2 í þingskjali 7b.

Jónas Þórhallsson (Grindavík) tók til máls. Hann tók undir tillögu Arnar um að fresta þessari tillögu. Jónas hvatti jafnframt þingheim til að að nota kraftinn í hreyfingunni til að herja á stjórnvöld um meira fjármagn og stuðning, t.d. til uppbyggingar á mannvirkjum.

Örn Gunnarsson (ÍA) tók til máls. Örn sagði að það væri meira af virðingu við ÍTF sem hann hafi lagt breytingatillöguna fram og væri ekki endilega á móti sjónarmiðum ÍTF. Hann sagði að sú vinna sem lægi að baki ætti meira skilið en svo að afgreiða hana með þessum hætti.

Jón Rúnar Halldórsson (FH) tók til máls. Jón Rúnar sagði að þetta væri stórt mál og þvertækur fyrir að ekki hafi verið vandað til verks. Hann sagði að þetta mál væri lengi búið að vera í vinnslu. Jafnframt efaðist Jón Rúnar um að allir fulltrúar þingheims hafi lesið allar þær breytingar sem stjórn KSÍ lagði fram sem þingskjal 7. Jón Rúnar lýsti yfir algjörri andstöðu sinni við að fresta þessu máli enn frekar. Hann sagði að ÍTF hafi fengið einn fund með stjórn KSÍ til að koma að sínum áherslum að. ÍTF hafi síðan haft afar skamman tíma til að skoða og gera tillögur að breytingum á þeirri tillögu sem lögð var fyrir þingheim með þingskjali 7. Jón Rúnar lýsti yfir óánægju með samstarf og samskipti stjórnar KSÍ við sitt félag, FH og sagði að sambandið hefði engan símakostnað af samskiptum við FH.

**Tillaga sem fram kemur á þingskjali 7c var samþykkt, 72 atkvæði voru greidd með tillögunni og 55 atkvæði á móti. Þingskjal 7 og þingskjal 7b komu því ekki til afgreiðslu.**

**Þingskjal 8**

Gunnar Guðjónsson (Reynir S.) hafði framsögu.

**Tillaga til lagabreytingar**

– 3. deild karla –

**Tillaga að breytingu á grein 33.1.****Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2018 samþykki breytingar á grein 33.1. í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Núgildandi grein 33.1, sem er svohljóðandi:

*Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, 0. deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3 deild 10 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið i fjórum efstu deildunum.*

Verði svohljóðandi, breytingar feitletraðar:

*Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, 0. deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3 deild **12 liðum** og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið i fjórum efstu deildunum.*

Verði tillaga þessi samþykkt er lagt til að liðum í 3. deild karla fjölgi úr 10 í 12 lið keppnistímabilið 2019. Lögð er til eftirfarandi útfærsla vegna mögulegrar fjölgunar úr 10 í 12 lið í 3. deild: Keppnistímabilið 2018 fellur aðeins eitt lið úr 2. deild en þrjú lið komast upp úr 4. deild.

**Greinargerð**

Sú breyting að fara úr 10 þáttökuliðum í 12 á sínum tíma í þremur efstu deildum Íslandsmóts karla hefur heppnast vel að flestra mati. Reynir Sandgerði lék í 3. deild karla keppnistímabilin 2015, 2016 og 2017 en þar áður lék liðið í 12 liða deildum samfleytt frá árinu 2007. Það er reynsla Reynismanna að 12 liða deild sé mun heppilegri kostur en 10 liða deild. 22 leikir í stað 18 gerir tímabilið þéttara, lítið er um löng hlé á milli leikja. Árið 2017 liðu í þrígang 10 dagar milli leikja liðsins í 3. deildinni og einu sinni 13 dagar. Tekjumöguleikar eru meiri þar sem heimaleikir eru 11 í stað 9. Keppnistímabilið er 2 vikum lengra í 12 liða deild. Verði tillaga þessi samþykkt er lagt til að liðum í 3. deild karla fjölgi úr 10 í 12 lið árið 2019.

**Reynir Sandgerði**

**Tillaga að þingskjali 8 er samþykkt samhljóða.**

## Þingskjal 9

**Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga**

– Kröfuréttindi og skráning samninga –

**Tillaga að breytingu á grein 14.11**

**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2017 samþykki breytingar á grein 14.11 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga með eftirfarandi hætti:

Núgildandi ákvæði 14.11, sem er svohljóðandi:

*Félag, sem gerir samning við leikmann, hvort sem það er sambandssamningur eða leikmannasamningur, skal senda skrifstofu KSÍ afrit af honum fullfrágengnum til skráningar, en leikmaður og félag skulu fá sitt frumritið hvort eftir undirskrift. Skráning skal gerð innan mánaðar frá undirritun. Áður skal félag standa skil á þeim kröfum sem myndast við undirritun samnings. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti.*

Verði svohljóðandi, breytingar feitletraðar:

*Félag, sem gerir samning við leikmann, hvort sem það er sambandssamningur eða leikmannasamningur, skal senda skrifstofu KSÍ afrit af honum fullfrágengnum til skráningar, en leikmaður og félag skulu fá sitt frumritið hvort eftir undirskrift. Skráning skal gerð innan mánaðar frá undirritun. Áður skal félag standa skil á þeim kröfum sem myndast við undirritun samnings. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti, **nema félagið geti sýnt með sannarlegum hætti að staðið hafi verið við allar hliðar samningsins.***

***Greinargerð***

Sú staða kom upp hjá félaginu í byrjun tímabilsins á síðasta ári að leikmaður félagsins óskaði eftir því að fara til annars félags en knattspyrnuráð félagsins gat ekki orðið við því á þeim tíma. Hins vegar ef félagið fengi tilboð í hann yrði það skoðað. Leikmaðurinn leitaði til annars félags sem tók eftir því að samningur leikmannsins var ekki skráður inni á vef KSÍ, kom þá í ljós að það hafði fyrirfarist að senda inn samning leikmannsins innan tilskilins tíma. Báðir aðilar samningsins höfðu hins vegar fullnægt öllum skyldum hans og gaf ekkert annað til kynna en að leikmaðurinn taldi sig vera samningsbundinn. Leikmaðurinn mætti á allar æfingar, spilaði leiki og fékk greitt samkvæmt samningi. Í stað þess að staðfesta samning sinn við KSÍ neitaði umræddur leikmaður því og stóð félagið þ.a.l. réttindalaust. Leikmaðurinn fór til annars félags sem skapaði ákveðna togstreitu á sínum tíma og félagið fékk ekki greitt fyrir hann eins og ætla skyldi. Þess má einnig geta að það fyrirforst að skrá samninga sem höfðu verið sendir inn til KSÍ og barst það út í fjölmiðla að ákveðnir leikmenn væru ekki með samning. Félagið var með sönnun þess efnis að hafa sent umrædda samninga til KSÍ og gat því staðfest þá án þess að þurfa leita til leikmanna eða missa kröfurétt sinn.

Umrædd málsgrein sem kveður á um að félag missi allann kröfurétt verði samningi ekki skilað inn til KSÍ innan tilskilins tíma er afar íþyngjandi regla fyrir félag sem hefur staðið við allar skuldbindingar samkvæmt samningi við leikmann. Tillaga félagsins er því að breyta umræddri reglu þannig bætt verði við greinina undantekningarreglu þannig að líta skuli til þess hvort að aðilar samnings hafi staðið við sinn hlut af samningi. Geti félagið sýnt fram á það, með sannarlegum hætti, á leikmaður að teljast samningsbundinn hvort sem hann staðfestir samninginn eða ekki.

Með sannarlegum hætti er til að mynda átt við launaseðla leikmanns frá félaginu, hvort leikmaður mæti á æfingar og/eða spili leiki með félaginu eða farið sé að öllu eins og um samningsbundinn leikmann væri að ræða. Minniháttar mistök geta annars reynst dýr, hvort sem þau voru gerð af aðilum samnings eða öðrum en ávallt hallar á hlið félagsins hvað þetta varðar.

### **ÍBV**

**ÍBV dró tillöguna til baka.**

**Þingskjal 10**

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, hafði framsögu.

**Tillaga til ályktunar**

– Skoska leiðin –

***Tillagan hljóðar svona:***

Lagt er til að ársþing KSÍ 2018 samþykki að stjórn KSÍ skori á íslensk stjórnvöld að setja á fót áætlun sambærilega þeirri sem nefnist „Skoska leiðin“. Skoska leiðin eða Air Discount Scheme (ADS) og var sett á fót af skoskum stjórnvöldum árið 2005. Áætlunin hefur verið framlengd nokkrum sinnum, nú síðast árið 2015 á grundvelli greinar nr. 51 í reglugerð Evrópusambandsins nr. 651/2014.

Markmiðið með ADS er að auka aðgengi að flugþjónustu á viðráðanlegu verði frá jaðarbyggðum. Að íbúar með heimilisfesti á skilgreindum jaðarsvæðum hafi betri aðgengi að stjórnsýslu, þjónustu og afþreyingu og stuðli að meiri félagslegri þátttöku í samfélaginu. Íbúar með lögheimili á skilgreindum landssvæðum fá aðgang að ADS og greiða 50% af flugfari sem í okkar tilfalli væri til Reykjavíkur. Í Skotlandi fá einnig ýmis félagasamtök s.s. góðgerðarfélög, íþróttafélög, björgunarsveitir o.fl. aðgang að ADS. Takist vel til gæti þessi leið reynst afar kærkomin fyrir félög á landsbyggðinni. Það skal tekið fram að ekki er fyrirhugað að innleiðing á slíkri áætlun skuli með nokkru móti hafa áhrif á þau afsláttarkjör á flugfargjöldum sem fyrir eru og samið hefur verið um af hálfu ÍSÍ við Flugfélag Íslands.

Í Skotlandi hrintu skosk stjórnvöld ADS í framkvæmd og koma fjármunirnir af fjárlögum. Íslenska ríkið mun því þurfa að taka ákvörðun, enda er fyrirhugað að þetta yrði fjármagnað á þá leið. Um leið og fjármögnun liggur fyrir gæti innleiðing hafist, sem gera má ráð fyrir að taki sinn tíma þar sem margir hagaðilar koma að verkefninu. Það auðveldar verkið að góð fyrirmynd er til í Skotlandi.

**Stjórn KSÍ**

**Tillaga að þingskjali 10 er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**



**Önnur mál.****Yfirlit yfir reglugerðarbreytingar – Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ.**

Klara benti fulltrúum á skjal sem dreift hafði verið til þingheims, með reglugerðabreytingum.

**Um dómaramál - Kristinn Jakobsson, formaður dómaranefndar KSÍ.**

Kristinn ræddi um mikilvægi þess að fjölga dómurum og benti á þá staðreynd að enginn leikur fari fram án dómara. Ungir dómara kvarta í meira mæli yfir framkomu áhorfenda og Kristinn ræddi um að þetta væri mál er varðar okkur öll. Kristinn benti á að aðilar í dómaranefnd hefðu tæki og tól, þekkingu og fleira til að fræða dómara en það skortir mannskap. Hann tók sérstaklega fram að félag þyrftu að standa sig miklu betur í dómaramálum. Peningar sem fara í að senda dómara af höfuðborgarsvæðinu út á land að dæma, í langt ferðalag með tilheyrandi kostnaði, væru peningar félaganna.

**Kosningar**

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

Í kjörnefnd eru:

Steinn Halldórsson, ÍBR formaður  
Jónas Gestur Jónasson, HSH  
Magnús Guðmundsson, ÍA

**Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:**

Eftirtaldir tíu aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn:

Ásgeir Ásgeirsson, Reykjavík  
Gísli Gíslason, Akranesi  
Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, Akranesi  
Ingi Sigurðsson, Vestmannaeyjum  
Ragnhildur Skúladóttir, Reykjavík  
Ríkhartur Daðason, Reykjavík  
Rúnar V. Arnarson, Reykjanesbæ  
Sigmar Ingi Sigurðarson, Kópavogi  
Valdimar Leó Friðriksson, Mosfellsbæ  
Valgeir Sigurðsson, Garðabæ

Frambjóðendur gerðu stuttlega grein fyrir sér.

Var því næst gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig að:

Ingi Sigurðsson hlaut 109 atkvæði.  
Gísli Gíslason hlaut 80 atkvæði.  
Ragnhildur Skúladóttir hlaut 72 atkvæði.  
Valgeir Sigurðsson hlaut 63 atkvæði.  
Rúnar V. Arnarson hlaut 55 atkvæði.  
Sigmar Ingi Sigurðarson hlaut 43 atkvæði.  
Helga Sjöfn Jóhannesdóttir hlaut 40 atkvæði.  
Ásgeir Ásgeirsson hlaut 33 atkvæði.  
Valdimar Leó Friðriksson hlaut 27 atkvæði.

Ríkharður Daðason hlaut 14 atkvæði.

Ingi Sigurðsson, Gísli Gíslason, Ragnhildur Skúladóttir og Valgeir Sigurðsson voru því réttkjörin í stjórn KSÍ til tveggja ára.

#### Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda og var það samþykkt:

Vesturland	Jakob Skúlason
Norðurland	Björn Friðþjófsson
Austurland	Bjarni Ólafur Birkisson
Suðurland	Tómas Þóroddsson

#### Kosning til varastjórnar til eins árs

Eftirfarandi gáfu kost á sér í varastjórn KSÍ sem voru sjálfkjörnir:

Ingvar Guðjónsson, ÍS  
 Jóhann Króknes Torfason, HSV  
 Kristinn Jakobsson, UMSK

#### Kosning varafultrúa landshluta til eins árs

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda og var það samþykkt:

Vesturland	Ólafur Hlynur Steingrímsson
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson
Austurland	Magnús Ásgrímsson
Suðurland	Trausti Hjaltason

#### Kosning fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttþing til stjórnar KSÍ var samþykkt.

#### Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn:	Eggert Steingrímsson
	Haukur Gunnarsson
Varamenn:	Gylfi Þór Orrason
	Þór Símon Ragnarsson

#### Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

Aðalmenn:	Sigurður G. Guðjónsson
	Guðmundur Pétursson
	Lúðvík Örn Steinarsson
Varamenn:	Brynjar Níelsson
	Guðmundur Þórðarson
	Hörður Felix Harðarson
	Jóhannes Albert Sævarsson
	Kolbeinn Árnason

#### Kosning í leyfisdóm KSÍ

Fulltrúar í leyfisdómi KSÍ eru kosnir til tveggja ára. Ómar Smáráson var kosinn í leyfisdóm árið 2017 en vegna ráðningar hans á skrifstofu KSÍ síðla árs 2017, þarf hann frá að hverfa. Kjörnefnd gerði tillögu um að Feldís Lilja Óskarsdóttir yrði kjörin í hans stað, til eins árs, og var hún sjálfkjörin.

### Kjörnefnd

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Steinn Halldórsson ÍBR, formaður

Jónas Gestur Jónasson, HSH

Magnús Guðmundsson, ÍA

### Endurskoðandi

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson (Deloitte) sem endurskoðanda KSÍ og var hann sjálfkjörinn.

### Kosning í Siðanefnd KSÍ (3 menn) er starfi til tveggja ára

Aðalmenn: Albert Eymundsson, formaður

Eiríkur Björgvinsson

Kristrún Heimisdóttir

Varamenn: Hanna S. Sigurðardóttir

Helgi Þorvaldsson

Rósa Júlía Steinþórsdóttir


### Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

---

### Þingslit

Guðmundur H. Pétursson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Hann fól að því loknu Guðna Bergssyni formanni að slíta þinginu.

Guðni þakkaði þeim Rúnari Arnarsyni, Jóhannesi Ólafssyni og Magnúsi Ásgrímssyni vel unnin störf í stjórn KSÍ og fyrir knattspyrnuhreyfinguna. Hann sagðist myndu leggja sig allan fram í störfum komandi árs og sagðist vona að knattspyrnuhreyfingin yrði ein sterk heild. Fulltrúum þakkaði hann fyrir gott þing og sleit 72. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.



Guðmundur H. Pétursson  
1. þingforseti  
(sign.)



Agúst Ingi Jónsson  
1. þingritari  
(sign.)



Steinn Halldórsson  
2. þingforseti  
(sign.)



Dagur Sveinn Dagbjartsson  
2. þingritari  
(sign.)